



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók fyrir Dalasýslu
[1887-1998]**



1887

Ballarárpinghá
20. maí

N^o 1

Skrá

yfir landamerki Tinda á Skarðströnd

Að utanverðu eru merkin beina sjónhending frá Búðardalsá í Jónshvamsbarðið hæsta og þaðan upp í klettsnef við lækjarfarveg í hlíðinni og þaðan beint upp í fjallshrygginn, sem er utan til við Tindagil og ræður hann að upptökum þess og þaðan beina sjónhending upp í Tindafell, síðan aptur sjónhending þaðan þvert ofan á brún í gjá einkennilega, sem er beint upp undan Stórasteini á Tinda og Nýpurhlíð, síðan aptur frá steininum þvert niður í Reiðhvamsbarð og svo á sjó fram fyrir innan Tindasker, sem liggur undir Tinda. Að utanverðu ræður Búðardalsá frá áðurtöldum merkjum á sjó fram fyrir utan Tindasker.

Ytri-Fagradal 13. maí 1885

Sturlaugur Tómasson

Sem eigandi að ½ Búðardal og 1/3 í Hvalgröfum F.Eggerz

Vegna sonardætra minna sem eiganda að ½ Búðardal St. Eggertsson handsalað.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 20. maí 1887 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 1. Ltr B.

vottar

S.E. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1kr. – ein króna

S.E. Sv.



1887

Ballarárpinghá
20. maí

N^o 2

Skrá

yfir landamerki Ballarár á Skarðströnd.

Að innanverðu ræður Deildargil landamerkjum ofaní Osanesvog og beint eptir honum og fram í svonefndan Purkeyjarál, sem ræður merkjum til sjóar um fjöru.

Á fjallinu eru merki að innanverðu frá upptökum Deildargils eptir því, sem hæðir halda og vötnum hallar út eptir fjallinu út fyrir Ballarárdal og sjónhending fram á fjallsbrúnina yfir svo nefndri Marktó í hlíðinni fyrir neðan. Í henni eru tveir stórir klettasteinar, hvor upp undan öðrum, og úr þeim ræður sjónhending ofan Kýrholt í flóanum milli Ballarár og Mela, þaðan eru merkin talin sjónhending innantil við svonefnt Melabyrgi, og þaðan þvert fram á „Miðaptansker“, þar sem þau eru hæst. Undir jörðina liggja eyjar og hólmar sem fjarar í og heita Geldfjárey, Hlífarey, Dagbeitarhólmar, Krókaneshólmar og Helluhólmar.

Ennfremur liggja undir jörðina svonefndar Ballaráreyjar, sem sje Hrappsey og hólmar og flögur inn af henni Teistey, Svartbakaskjer, Sandkúla, Veiðileysur og fleiri sker kringum eyjarnar.

Akureyjum 18. maí 1887

P.F. Eggerz

Sem skipaður fjárhaldsmaður Pjeturs Stefánssonar frá Ballará

Á millum Frakkaness og Ballarár er eg samþykkt ofanskriðuðum landamerkjum, en hvað Mela áhrærir mótmæli jeg.

Skarði, 20. maí 1887.

J. Magnússen

Lesið fyrir manntalsþingsrétti Dalasýslu að Ballará 20. maí 1887 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 2 Lt₂ B

Vottar

S.E. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun ein króna

S.E. Sv.



1887

Ballarárþinghá
20. maí

N^o 3.

Skrá

yfir landamerki Hvalgrafa á Skarðsströnd

Að innanverðu ræður Búðardalsá merkjum upp að Barmsgili, þaðan ræður það upp í flóa á Skarðinu og eptir honum ~~og eptir honum~~ miðjum í hrygg, sem er milli innri og ytri flóans. Eftir miðjum ytri flóanum, eru merkin talin útað Illþurkugili, þar sem það rennur í hann, þaðan ræður það merkjum upp undir svonefnda Tóulág, sem liggur út eptir fjallinu og þar sem hún þrýtur er bein sjónhending fram á fjallsbrúnina. Þar stóð áður stór grjóthaugur. Þá voru landamerkin haldin beint af fjallsbrúninni ofan yfir svonefnda Kattarurð og þaðan sjónhending utantil á Votabergsendann sem er við sjóinn. Undir jörðina liggja svo nefndir Landholmar, Þjóðhildarsker, Þyrilshólmi, Hofmannasker, Ásmóðarey og sker sem liggja út og inn af henni.

Akureyjum dag 18 maím. 1883

F.Eggerz

Framanskriðuðum landamerkjum mótmæli jeg að miklu leyti

J. Magnússen

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Ballará, 20. maí 1887 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 3. Lt_r B

vottar

S.E. Sverrisson.

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr – Ein króna

S.E. Sv.



1887

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 4.

Lýsing

á landamerkjum fyrir jörðinni Hvammsdal liggjandi í Saurbæjarhreppi innan Dalasýslu.

Millum jarðarinnar Hvammsdals og Hvammsdalskots ræður lækur sá landamerkjum, er rennur ofan úr há hlíð og ofan í Hvammdalsá, hefur hann upptök sín millum tveggja hjalla, sem kallaðir eru Gyrðishjalli og Nautahjalli, síðan sjónhending úr upptökum lækjarins upp á Illvita þar til vötnum hallar. Síðan suður hraunin austan til við Heydalsbotninn og suður sandhrygg þann, er liggur fyrir Seljadalsdrögum og þaðan vestan undir Hvassaborg og þaðan ofan Steypuna í slakka þann, er liggur ofaní læk þann, er rennur ofaní Hvammsdalsá, millum Járnhryggs og Dauðsholts, er sá lækur kallaður Grábergslækur.

Hvítadal 20. maí 1884

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi Hvammsdals og hálfes Hvammsdalskots

Magnús Jónsson eigari Sælingsdals

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Staðarhóli 21. maí 1887 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölulíð 4. Ltr B

Vottar:

SE. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

SESv.



1887

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 5.

Skrá

um landamerki umhverfis Staðarhól með tilheyrandi jörðum

1. Milli Staðarhóls og Stóramúla samkv. Visitatíum og gömlum brjefum er landamerki úr Múlahorni og ofaní Grástein, úr þeim sama steini í Prestspúfu, úr hinni ný nefndu þúfu í hellu austanvert á Skollhól þaðan sjónhending til Dauðavaðs á Hvolsá, og ræður hún fyrir merkjum fyrir Staðarhólsodda að austan þar til hún mætir Staðarhólsá við Oddasporðinn. Þaðan ræður nýnefnd á landamerkjum að vestan við Staðarhólsland fram að Hvylft þeirri, sem liggur yfir Harðeyri fram í Staðarhólsá neðan til við kirkjuvað.
2. milli Bjarnastaðaparts og Saurhóls ræður landamerkjum uppsprettulækur, sem rennur ofan í flóann milli nýnefndra jarða, og ræsir hann sig ofaní Tjarnar æfætur í Hvylftina á Hörðeyri, en frá upp tökum lækjarins ræður sjónhending upp á brún, sem vötnum hallar og hæðum heldur á Torffjallinu allt fram að Traðardalsdrögum.
3. Traðardalur er selstaða frá Staðarhóli, og hefur hann landamerki umhverfis á allar hliðar, sem vötnum hallar og hæðum heldur ofanað Bjarnastaðatungum sem einnig liggja undir Staðarhól og eru neðanvert í Traðardal.
4. Bjarnastaðatungur hafa að framan landamerki í Smjörhjallagil og þaðan á fjall upp sem vötnum hallar og hæðum heldur á Steypufjallinu fram á brún á því að austanverðu Hvammsdals megin þar sem það er hæst og þaðan sjónhending í Hvammsdalsá, síðan ræður sama á landamerkjum fyrir Bjarnastaðatungum ofan að sporði þeirra, hvar Hvammsdals- og Traðardalsá mætast og mynda þær Staðarhólsá, sem áð- skilur á eina hlið Staðarhólsjarðir frá Þverfellslandi allt ofan fyrir Þverfellskleifar.
5. Á milli Staðarhóls og Þverfells á einn, veg ræður lækir sá landamerkjum, sem kemur undan fjallshlíðinni í Kiðhúsahvammi neðanvert við Vatnhellu og þaðan á fjall upp, sem vötnum hallar og hæðum heldur umhverfis Staðarhólsálagar allt inn að fjallsbrún á Múlahorni – Staðarhóli með kringliggjandi jörðum fylgir silungsveiði í Staðarhólsá og sameiginleg veiði í Hvolsá fram að Dauðavaði, hrognkelsa og sölvatekja í Saurbæjarfjöru.

Staðarhóli 14. Maí 1886.

E. Stephánsson

sampykkur vegna Saurhóls. F.Eggerz. Eggert Jónsson

sampykkur vegna Þverfells. Sturlaugur Tómasson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu, ^{að Staðarhóli} 21. maí 1887 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undit tölulið 5 Ltr B.

vottar:

SE. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna
SEsv.



1887

Hvammspinghá
23. maí

N^o 6

Landamerkjaskrá
fyrir Hvammi í Hvammshreppi innan Dalasýslu

Milli Hvamms og Akurs ræður landamerkjagil, sem nefnt er Krossgil, og eptir því sem það ræður neðan frá Hvammsá og upp í Skothrygg, þá eptir því, sem vötnum hallar norður eptir hrygg þessum og fram á Skeggöxl, og austur eptir nefndri öxl, þar sem hún er hæst. Þá kemur aptur hryggur, sem ræður merkjum á bak við Þverdalsbotn og fyrir ofan Norðurhóla og þaðan eptir hrygg þessum að Skerðingsstaðalandi í gjá þá, sem kölluð er Skrubba og sjónhending úr gjá þessari í Stórastein og aftur úr honum í grjótvörðu við ána, þá fram eptir Hvammsá í fyrnefnt Krossgil.

Hvammi 25. maí 1886

J. Guttormsson

umráðamaður Akurs, Hvamms og Skerðingsstaða

Samþykkur eigari Lauga, Jens Jónsson

Samþykkur eigari að Sælingsdal Magnús Jónsson.

Samþykkur sem ábúandi og umráðamaður að Hólum Jón Einarsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi 23. maí 1887, og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 6. Ltr B

Vottar:

SESverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

SESV.



1887

Hvammspinghá

23. maí

N^o 7.

Landamerkjabrjef

fyrir Skerðingsstöðum í Hvammssveit,

eign Hvammskirkju og byggðum úr heimalandi Hvammsstaðar.

Að vestanverðu liggja landamerkin frá sjó fyrir vestan hólma, sem nú liggur fyrir vestan eða Akursmegin við Hvammsá, því næst ræður Hvammsá merkjum upp Skeggjadal í grjótvörðu við ána eða þar sem Stórastein svo kallaðan, sem stendur upp í hlíðinni fyrir ofan götuna milli bæjanna, ber í gjá þá í fjallinu fyrir ofan, er Skrubba kallast og er sjónhending þessi landamerkjálína milli Hvamms og Skerðingsstaða og ræður sama sjónhending úr Skrubbu yfir fjallið í Laxárgil, sem fellur niður úr fjallinu Hólameginn ofan í Laxá og ræður þar mörkum, en því næst Laxá að sunnanverðu til sjáfar.

Með jörð þessari er leigt hið svokallaða Kirkjuengi sem liggur við Laxá að sunnanverðu og er eign Hvammskirkju með þessum merkjum: Útúr Laxá liggur að neðan síki til norðausturs, spölkorn upp frá sjónum, sem myndar merkin og svo upp eptir lækjardragi í annað síki, sem er merkin fyrir sunnan engið, en upp frá því síki liggur lítið lautardrag með lágu barði til út norðurs, aptur í Laxá, spottakorn fyrir neðan tjörn þá, sem þar er hærra við árbakkann og svo ræður Laxá aftur landamerkjum að nefndu þversíki.

Hjarðarholti 18. apríl 1887.

Sem umráðamaður Akurs, Hvamms og Skerðingsstaða undirskrifar Jón Guttormsson.

Jóhann Arngrímsson, eigandi að hálfum Ásgarði

Samþykkur sem ábúandi og umráðamaður að Hólum Jón Einarsson.

Jens Jónsson, umráðamaður 3/8 Ásgarðs.

Samþykkur sem ábúandi að einum parti Ásgarðs Sveinn Klemenzson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi 23. maí 1887, og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 7. Lt_r B.

vottar:

SESverrisson.

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

SESV.



N^o 8.

Landamerkjaskýrsla
fyrir Skarði í Haukadalshreppi.

1. Að austanverðu milli Mela og Skarðs:
Frá hinum norðvestari Grjóthól á há Geldingafelli, suður á litla Klettaborg upp á norðurbrún Haukadalsskarðs, þaðan yfir Haukadalsskarð, þar sem vötnum hallar milli Ormsár að austan og Rjettargils að vestanverðu; þá beint yfir Klambrafell og þangað sem vötnum hallar milli eystri og vestri Svínadala.
2. að sunnanverðu ræður Svínadalsá þar til hún fellur í Haukadalsá.
3. Að vestanverðu milli Skarðs og Kross ræður Haukadalsá frá Svínadalsá, þar til Skarðsgilslækur fellur í hana.
4. að norðanverðu ræður lækur sá, sem fellur eptir Skarðsgili á fjall upp, svo langt sem hið djúpa gil nær og eru þá Skarðs landamerki á kollóttum skriðuhól í Skarðsgilsbotni austanvert við áðurnefndan Skarðsgilslæk og nefnist hóllinn Sandhóll og er lækjarfarvegur og grasbarð utan hann. Af þessum Sandhól ræður sjónhending á hinn fyrstnefnda Grjóthól á há-Geldingafelli.

Þareð það virðist fullvíst, að landamerkjaskýrsla Giljalands eigi fari yfir merki þau, sem hjer eru greind undir tölulið 4, en á hinn bóginn þykir kunnugum monnum vafasamt hvort Giljaland eptir henni á allt land að þessum merkjum þá virðist eigi brín ~~nað~~ þörf á undirskrift eiganda og umráðamanns Giljalands, þar hann vegna ókunnugleika og af því að hjer er orðað öðru vísi um þessi merki en í skýrslu hans, eigi hefur viljað ^{ritað} nafn sitt undir þau merki, sem hjer eru talin, þó skýrsla um þau hafi legið hjá honum nærri hálfu ári, og hún greini ljósara landamerki en Giljalands landamerkjaskýrsla.

Melum 20. [mánuður ekki skráður] 1887.

Jón Jónsson (eigandi jarðarinnar Skarðs)

Samþykkir framanrituðum merkjum:

J. Magnússon umráðamaður kirkjujarðarinnar Kross.

Jón B. Jónsson umráðamaður kirkjunnar á Stóra Vatnshorni

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörva 25. maí 1887 og innfært í Landamerkjabók sýslunnar undir staflið 8. Ltr B.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

vottar:

SE. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

Borgað

SEsv.



1887

Staðarfellspinghá
31. maí

N^o 9.

Landamerkjaskrá
fyrir Hallsstöðum á Fellströnd

Á milli Svínaskógs og Hallsstaða eru þessi landamerki svokallað Svínaskógsgil, sem rennur úr Háfjalli og í Flekkudalsá, hún ræður merkjum mót suðri og fram í svokallaðan Hólkotslæk, sem rennur fyrir vestan Hólskotstún og eptir því sem tjeður lækur rennur sjónhending upp í háfjall og eptir hæsta fjallinu vestur í upptök Svínaskógsgils.

St. á Staðarfelli 31. Maí 1887

Guðbrandur Jónsson ábúandi

H. Jónsson samþykkur fyrir Staðarfells- og Svínaskógsland.

Jón Gíslason ábúandi á Túngarði samþykkur.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli 31. maí 1887 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 9 Lt_r B.

vottar:

S.E. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr – ein króna

S.E.Sv.



1887

Staðarfallspinghá

31. maí

N^o 10.

Landamerkjaskrá

fyrir Túngarði á Fellströnd

Á milli Staðarfells og Túngarðs eru þessi landamerki: Úr Fúlalækjarós ræður lækurinn upp í reiðgötuna hjá Túngarðsstekk; þaðan sjónhending upp í Moshólavörðuna gömlu, sem er efst á Moshólhæðunum, þaðan sjónhending í hæstan Göltinn í svo kallaða Krubbu, þaðan sjónhending í hólmsporðinn við Flekkudalsá og ofan eptir ánni í Fúlalækjarós.

Staddur á Staðarfelli 31. maí 1887

Jón Gíslason ábúandi.

Guðbrandur Jónsson samþykkur.

Samþykkur fyrir Staðarfallsland og Flekkudals. H. Jónsson Jónas Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli 31. maí 1887 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 10 Lt_r B.

vottar:

S.E. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

S.E. Sverrisson



N^o 11.

Landamerkjaskrá
fyrir Staðarfelli á Fellsströnd

Á milli Harastaða og Staðarfells eru þessi landamerki

Frá miðjum botni Nábeinavíkur sjónhending vestan til í Hellisberg, þaðan sjónhending vestantil í Kýrhól, þaðan í Harastaða-Króksýki og í Flekkudalsá, en hún ræður landamerkjum upp að Fúlalækjarós, en til sjávar á Staðarfell alla hólma og sker fyrir Harastaðalandi út að Klifi.

Á milli Staðarfells og Túngarðs eru þessi landamerki:

Úr Fúlalækjarós ræður lækurinn uppí reiðgötuna hjá Túngarðsstekk, en þaðan sjónhending upp í Moshólavörðuna gömlu, sem er efst á Moshólahæðunum.

Á milli Staðarfells og Skóga eru þessi landamerki:

Fyrir utan Skógahólma gengur fram nes, en vík skerst inn í fyrir vestan nesið. Úr þeirri vík eru landamerki sjónhending í Kletthjallann, sem ^{er} austanvert við lækjarskarðið og þaðan sjónhending fyrir austurendann á klettholti því, er gengur í austnorður frá Ljótólfsstöðum og standa vörður á því og þaðan sjónhending í ofanefnda Moshólavörðu. Til sjávar tilheyrir Staðarfelli, sem bónda eign öll selveiði frá Skoravíkurá, bæði fyrir Hellu og Skógalandi og við svo nefnt Þrætusker, og á miðjan sjó milli þess og Neteyjar. Enn fremur tilheyrir Staðarfelli svo nefnd Hallsteinasker, Svörtusker, Ölvissker með skerjum suður af. Steindórseyjar, Selsker og Lambey, einnig sker inn með landi, sem nefnd eru Deildarsker, ennfremur Tjaldurshólmi, Þórishólmi, Þórishólmaflaga, Tveggjalambahólmi með Svuntu og Hjalleyjar, ennfremur Deildarey meðfylgjandi Líney og Hrúthólma með kringumliggjandi flögum.

Hjer að auki á kirkjan hálfan Flekkudal á móts við Staðarfells bóndaeign, tjeðum dal tilheyrir allt í kringum hann og hans afdali, Suður- og Norðurdal, fjalllendi allt eptir því sem vötnum hallar upp á Eggjar.

Á milli Hallsstaða og Flekkudals ræður lækur, sem rennur vestantil við Hólkotstún landamerkjum, en á milli Túngarðs og Flekkudals eru landamerki vestantil við Krubbu sjónhending ofan í Hólmasporðinn.

Staðarfelli hinn 21. júlímánaðar 1883

H. Jónsson

Samþykkur fyrir hönd eigandanna að Skógum Jónas Jónsson

Samþykkur fyrir hönd eigandans að Harastöðum og hálfum Skógum, ekkjunnar Steinunnar Melsted. Eiríkur Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samþykktur ábúandi á Túngarði: Jón Gíslason

Samþykktur sem umboðsmaður fyrir Orrahóli og Svínaskogi H. Jónsson.

Samþykktur framangreindum merkjum ábúandi á Ytrafelli

Ögmundur Ögmundsson (handsalað).

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli 31. maí 1887 og innfært í
landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 11 Lt_r B.

vottar

SE Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna.

SE Sverrisson



1890

Staðarhólsþinghá

4. júní

N^o. 12

Landamerkjalyising

fyrir jörðinni Bessatunga í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

Milli Bessatungu og Fremri-Brekku ræður landamerkjum Brekkuár forni farvegur, sem liggur úr Svínadalsá neðarlega og fram með hólma þeim að sunnanverðu, er Brekkuá hefur myndað, þá hún breytti sjer úr þeim umgetna forna farveg og þangað sem hún nú rennur. Þessi forni árfarvegur ræður landamerkjum fram þangað sem hann hefur upptök sín úr Brekkuá. Þá ræður landamerkjum Brekkuá fram í Villingadalsá og ræður svo Villingadalsálandamerkjum uppá brún í Villingadal. Þá eru landamerki af brúninni frá upptökum Villingadalsár og beina sjónhending niður fjallið í upptök á Njálsgili, ræður svo Njálsgil landamerkjum milli Bessatungu og Hvolssels-hjáleigu frá Hvoli ofaní Svínadalsá, sem einnig aðskilur Bessatungu og Hvolsselslönd, og eftir það ræður Svínddalsá landamerkjum alla leið ofan þar til hún og Brekkuár forni farvegur mætast.

Fremri Brekku 3. júní 1890

Andrés Brynjólfsson eigandi jarðarinnar Bessatungu.

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi Fremri Brekku.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli 4. júnim 1890 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 12 L^{tr} B.

Vottar

S.E. Sverrisson settur

Gjald fyrir þinglestur og bókun 1 – ein króna

Borgað

S.E. Sverrisson settur.



1890

Ballarárþinghá
6. júní

N^o 13.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðina Mela á Skarðsströnd.

Milli Ballará og Mela í Kýrholt og beina sjónhending í marktó (eður tvo steina) í Grænuhlíð og úr Kýrholti aftur beina sjónhending til sjóar eftir efri merkjunum.

Milli Hnúks og Mela á miðja Klofnings rjett, og beina sjónhending til fjalls og í landamerkjagarð ofantil í Langeyjarnesrifi.

Melum 17. apríl 1889

P. Bergsveinsson

G. Jónsson ábúandi á Hnúki

Sem eigandi að Melum

I. Magnúsen

Samkvæmt ofangreindri landamerkjaskrá banna jeg undirskrifaður hjermeð að nokkur af þeim, sem búa á jörðum, sem eiga lönd að ofannefndum landamerkjum yrki eður noti nokkurn blett af jörðinni, Melum innan ofangreindra landamerkja.

Melum 6.d. júní 1890

P. Bergsveinsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 6. júnímán. 1890 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 13. Lt_r B.

Fyrir hönd Pjeturs Stefánssonar, eiganda að 5/8 úr Ballará, mótmælti P. Eggerz landamerkjaskrá þessari sem gildandi fyrir Ballarárlandi

Vottar

S.E Sverrisson settur

Gjald fyrir þinglestur og bókun 1 – ein – króna
SESv.



1890

Ballarárþinghá
6. júní

N^o 14.

Landamerkjaskrá

fyrir Skarði ásamt hjáleigunum Manheimum, Geirmundarstöðum, Á og Barmi.

Millum Hvalgrafa og Skarðs eru landamerki svokallað Illþurkugil á Skarðinu og úr upptökum þess bein sjónhending í ytra Klifshorn og þaðan beint til sjáfar. Á millum Barms og Hvalgrafa er Barmsgil að neðan, en að ofan úr gilbotninum í Ásinn og úr Ásnum. Skarðsárbotn. A millum Barms og Hvarfsdals er Harísargil fram í hryggi.

Á millum Hvarfsdals og Villingadals, er liggur undir Skarð, er svo kallaður Fjalldalshryggur, er liggur fram í Fjalldalsbotn. En á millum Kross og Skarðs er svokallað; Hrískinnarskott, og skilur áin löndin úr því til sjáfar. En til sjávarins liggja undir Skarð, Ólafsey stærri, Látur, Sandsker, Norðursker, Súrholmi, Hóley, Sigríðarholmi, Fóey, Urðholmi, Hvannahólmi, Brimilsholmi, Flaga, Dugandisklettur, Folaldshólmi og Folaldshólmasker, Ólafsey litla, Byrgisflögur, Krókasker og Öffurseyjar.

Skarði, 13. maí 1890

J. Magnúsen

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 6. júnímán. 1890, og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 14 Ltr B.

Vottar

S.E. Sverrisson settur

Gjald fyrir þinglestur og bókun 1 –ein – króna.

S.E. Sverrisson settur



1890

Ballarárpinghá

6. júní

N^o 15.

Skrá

yfir landamerki jarðarinnar Nýpur
sem er eign Skarðspingaprestakalls og liggur í Skarðstrandarhreppi

Á eyrunum við sjóinn ræður stefnan á Nýpurárgili neðanverðu, svo ræður Nýpurá áfram að upptökum hennar á Svarthamri. Þaðan ræður sjónhending í Skeggöxl. Að utan og vestanverðu ræður bein lína, sem dregin er yfir Hringsteina frá sjó upp á fjallsbrún, en frá línuendanum á brúninni ræður bein sjónhending í Skeggöxl nema ef vatnshalli kynni að skekkja hana. Annars er landið fyrir ofan brún þríhyrningur. Jörðin á reka allan, sem að landi ber eða finnst í fiskhelgi og lagnir og sker fyrir landi eptir því sem lögum er samkvæmt.

Vogi, 4. dag júnímán. 1890

Jón Bjarnason umboðsmaður jarðarinnar

Samþykkir Guðlaugur Daðason P.F. Eggerz.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará 6. júnímán. 1890, og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir staflið 15 Ltr.B

Vottar

S.E. Sverrisson settur

Gjald fyrir þinglestur og bókun 1 – ein – króna.

S.E. Sverrisson settur



1890

Hjarðarholtsþinghá
11. júní

N^o 16.

Landamerkjaskrá
fyrir Dönustöðum í Laxárdal

Að vestanverðu milli Sámstaða og Hamra ræður Laxá merkjum, að norðan Skeggjagil upp í Hvítfoss, þaðan til austnorðurs í Nesjavatn og Sjónarhól, síðan til suðurs í Skeggöxl af Skeggöxl sem vötnum hallar og í Rjúpnafell, þaðan í Tröllaháls og svo í yztu hyrnu á Bjarnarfelli og eptir Arnargili þess gamla farveg ofan í Laxá

Leysingjastöðum 11. júní 1890

Guðfinna Daðadóttir

Umráðamaður Grafar Kristinn Guðmundsson samþykkir.

Samþykkur framanskrifuðum merkjum

Sigtryggur Finnsson eigari Sólheima nafnið handsalað

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti 11. júnímán. og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 16 Ltr.B.

Vottar

S.E. Sverrisson settur

Gjald fyrir þinglestur og bókun 1 – ein – króna

S.E. Sverrisson settur



1890

Hjarðarholtsþinghá

11. júní

N^o 17.

Landamerkjabréf

Hjarðarholts í Laxárdal

Hjarðarholt á heimaland allt með 4 byggðum hjáleigum: Vígholtstöðum, Spágilsstöðum, Fjósum og Hrappstöðum innan þessara ummerkja: Að austanverðu frá hinum stóru Klofasteinum er standa við Laxá í Klofasteinsnesi sjónhending uppí Ljósaskarð í vörðu þá, er þar stendur, síðan þaðan sjónhending norður yfir hálsinn í þann klett, eða vörðu, sem Maður er kallaður, úr þeim kletti í Rifgarðslæk, en sá lækur ræður í Ljá, en hún ræður aptur norðan og vestan fram, en sjórinn til Laxár, sem ræður mörkum að sunnan fram til Klofasteina. Hjarðarholtsstaður á einnig gamla Selstöðu í Þrándargili, sem nú er byggð hjáleiga og nefnd Þrándarkot með þessum ummerkjum: Að vestanverðu frá Laxá uppí neðsta fossinn á Þrándargili, þar sem ber á milli stór steinn merktur með kross upp í holtinu vestanvert við milluhúsið og þaðan ræður Þrándargil uppí Þrándarvatn, úr Þrándarvatni eru merkin aptur í Djáknastapa og þaðan sjónhending í stóran stein merktan tLm., er stendur í holti vestanvert við lágina, sem er vestanundir Sigmundarholti og sömu sjónhending í Laxá, er svo ræður að norðan til áður greindra merkja. Ennfremur á Hjarðarholtsstaður stóðhrossabeit á Þverdal fyrir framan Köldukinn og geldfjár^{upp}rekstur öllu fje frá fardögum til rjetta á Dönustaðafjalli og hálfu veiði í Laxá fyrir sínu landi og alla veiði í sömu á frá streng fyrir ofan Papa út í sjó og umfram í Mjóhyl fyrir Höskuldstaðalandi.

Hjarðarholti 26. maí 1886

J. Guttormsson, beneficiarius Hjarðarholts

Jens E. Laxdal, eigari Leiðólfsstaða og umráðamaður Goddastaða

Samþykkt hvað Dönustaði snertir fyrir hönd Guðfinnu Daðadóttir Jens Jónsson

Guðmundur Guðmundsson Ljáskógum samþykkur fyrir Ljáskógaland.

Einar Þorkelsson Hróðnýjarstöðum ábúandi

Jón Bjarnason á Hróðnýjarstöðum ábúandi

Kr. Tómasson, eigandi Þverholts, nokkru úr Höskuldstöðum og Svarfhóli.

Sigurbjörn Bergþórsson ábúandi á Svarfhóli

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Hjarðarholt 11. júnímán. 1890 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 17. Ltr. B.

Vottar

S.E. Sverrisson settur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald fyrir þinglestur og bókun 1 – ein –
Borgað
S.E. Sverrisson settur



[1892]

N^o 18.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Gröf í Laxárdalshreppi

Að vestanverðu milli Svarfhóls eru merkin í Leirmúla, sem er við Laxá, þaðan uppá há Skirkelduholt, þaðan sjónhending eptir djúpri skriðu í hlíðinni uppí brún, þaðan norðan til við Svarfhólshnúka í Grafarvötn, þaðan ræður Arnargil ofaní Arnarnes; svo ræður gamall farvegur gilsins eptir nesinu ofaní Laxá sem merkjavörður eru hjá hlaðnar, þaðan ræður Laxá sem Gröf á hálfra veiði í til áðurnefnds Leirmúla.

Vígholtsstöðum 23. maí 1891

Kristmundur Guðmundsson umráðamaður Grafar

Hjer að ofanrituðum landamerkjum er jeg að öllu leiti samþykk

Guðfinna Daðadóttir eigari Dönustaða (nafnið handsalað)

Kr Tómasson eigandi og umráðamaður Svarfshóls

Jóhannes Jóhannesson eigandi að 1/3 parti af Gillastöðum

Puríður Eyjólfadóttir eigandi að 2/3 af Gillastöðum

Þingl. að manntalsþingi Laxárdalshrepps 1892

Björn Bjarnarson



[1891]

N^o 19.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Ytrafell í Felsstrandarhreppi

Milli Ytrafells og Kjarlaksstaða ræður Kjarlaksstaðaá upp að ármótum, svo ræður Flekkudalsá á móts við Stóru Tungu og Orrahóls land upp á móts við vesturendan á svokölluðum Máfamýri, þaðan sjónhending milli Ytrafells og Harastaða í hátt klettholt, sem er ofan til við veginn og þaðan sjónhending í hæð efst á miðju Harastaðaklifi Ytrafellsklifi og til suðurs eptir miðju Klifinu í rauðan klett sem er vestan lega í Klifinu við sjóinn, síðan sjónhending fram miðja vikina fyrir austan Netey og þaðan sjónhending fyrir austan dýpri Seley og svo sjónhending fyrir sunnan Nónsker, síðan sjónhending fyrir vestan Leiðarsker, Ársker og Árhólma í Kjarlaksstaðaárós. Öll sker og hólmar sem liggja innan tjeðra landamerkja tilheyra jörðinni Ytrafelli, sem eru; Hóley, Netey, dýpri Seley, grynri Seley, Nónsker tvö, Leiðarsker, Ársker, Árhólma dýpri og grynri Vætuhólmi m.m. smáskerjum + Silungsveiði í Kjarlakstaðaá tilheyrr jörðinni að hálfu leiti við Kjarlaksstaði

Staðarfelli 1. febrúarmánuði 1891

Í umboði eigara jarðarinnar H. Jónsson

Samþykktur fyrir Harastaði H. Jónsson

Samþykktur fyrir Kjarlaksstaði H. Oddsson

Þinglesið á manntalsþingi Felsstrandarhrepps 1891

Björn Bjarnarson



[1891]

N 20

Samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 17 mars 1882 eru landamerki jarðarinnar Hvols með Svínadal og ítök kirkjunnar á Hvoli þessar:

Milli jarðanna Hvols og Neðri-Brekku, er enn skýrt merkjagarðlag, frá Rauðasýki sjónhending yfir þvera hlíðina, uppí klettaskoru, uppundan Garðinum, aptur skilur Rauðasýki Hvols og Hvítadalsland, frá enda nefnds merkjagarðs ofaní Hvolsá og svo sem Hvolsá ræður ofan að Kyrkjuenginu, það aðskilur kirkjuengið og Belgdalsland vörður þær, sem bera hvor í aðra rjetta sjónhending að miða hverja í aðra um árbug þeim er fremst liggur að enginu og í enda pitts þess er í er svokölluðu Belgdalssýki, ræður svo síkið ofan í á, en áin úr því ofaní móts við svokallað Reiðingsholt, er liggur norðan árinna milli jarðanna Hvols og Máskeldu, og sem skagar ofan í flóann og eru svo landamerki þeirra jarða úr því holti beint í á niður og þaðan sjónhending í fjall upp. Kirkjan á Hvoli á þetta, samanber Wilkins og Gísla máldaga frá 1397 og 1676 og vísitásiur Biskupanna Steingríms Jónssonar 10. ág. 1827 sem er samhljóða biskups doct. Finnssens vísitátíu teðra kirkju af 21. ágúst 1792 og 31. ágúst 1782 og biskups doct. Finns af 3. sept. 1785. Svínadal að eign frá Njálsgili til Rjettargils austanframm, en frá Hrafnagili ofan til Volafalls (vala) vestanframm. Hún á afrjett í Mókolludal öllu geldfje þess bonda er á Hvoli býr og stóðhrossa beit á sunnar undir Kirkjufelli þriggja í Bessatungulandi, 2ja þinghestabeit á Hrossahjalla í Hvítadalslandi til alþingis framan, Þrætunesengi í Belgsdalsjörð og Eyrardalsengi í Múlajörð, 2 mánaða beit á Bug öllu fje á vetrum (samanber Dóm Orms sýslumanns Daðasonar 1551)

Reiðingstorfmaristu undir Kiðhól, sem Hvolsmenn þurfa, torfskurð í Efribrekkuhandi sem hafa þarf til sels, meðan Hvolsmenn hafa selsför. Kirkjan á sjöttung hvalreka með Ennislandi og fyrir Brekkuhandi, milli Hundsvörðu og Stiga, en þriðjung viðreka milli Hundsvörðu og Kirkjulækjar í Bitru. Hún á líka 12 manna ~~far~~ íferð í Saurbæjarfjöru til reitslu, ith V^{hndr} til eignar í sömu fjöru er gallt Jón Þórðarson

Hvoli 21. maí 1884

Indriði Gíslason eigandi

Í umboði ekkjufrúar Ingibjargar Magnusen á Skarði Páll Sigurðsson

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi eptirfylgjandi jarða

Hvítadals, Brekku og Sælingsdalstungu er liggja á ýmsa vegu að Hvolsslandi

Sem eigari Belgsdals samþykkur Torfi Bjarnason

Sem eigari Bessatungu samþykkur Á. Brynjólfsson

Þinglesið á manntals þingi Saurbæjarhrepps 1891
vottar Björn Bjarnarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



[1892]

ad N^o100

N_21

Landamerkjabrief
að Sólheimalandi

Frá Laxá ræður Hólmavatnsá norður í Hólmavatn svo sjónhending úr árósnum til land syðri norðurs í Gullhamar, þaðan sjónhending í sömu átt í Þrívörður úr Þrívörðunni til austurs beint í Draugahóla. Þaðan frá þeim sjónhending í drögin á Kolakvísl sem ræður til suðurs í Kolatjörn. Þaðan sjónhending til landsuðurs í Steinvatnahæð, og þaðan í Grenshól, úr honum beina stefnu að sjónarhól. Úr Sjónarhól í Nesjavatn. Úr Nesjavatni í Hvítfoss í Skeggjagili, sem ræður landsmerkjum í Laxá, hvar aptur deilir löndum til Hólmavatnsár.

Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn.

Sólheimum 22. júním 1891

Sigtyggur Finnsson.

Framanskriðuðum landamerkjum er samþykkt Guðfinna Daðadóttir (eigari Dönustaða)

Þinglesið á manntalsþingi Laxárdalshrepps 1892

Björn Bjarnarson



[1893]

N^o 22.

Landamerkjaskrá
fyrir afrjettarlandi Hörðalinga.

Frá Sauðarhrygg eptir mjóadalsá þar til Hrútagil fellur í hana, síðan eptir Hrútagili í Hrútagilsbotn, þaðan sjónhending í Víðidalsbotn, svo eptir Víðidalsá, þar til gil það fellur í hana, úr vestustu skál í Víðimúla, eptir gílinu uppí Víðimúla, svo suðvestur á Víðimúlakoll, þaðan í áður nefndum Sauðarhrygg.

Svignaskarði 26. febrúar 1812.

Fyrir Borghreppinga Sigurður Sigurðsson, Jón Guðmundsson. Eptir fullmakt (annar) Sigurður Sigurðsson.

Fyrir Hörðdælinga Jóhannes Einarsson, Helgi Guðmundsson.

Fyrir ytri Hrafnabjörgum Þorsteinn Gíslason eigandi.

Fyrir Vífilsdal Jónas Jónasson handsal. eigandi aðeins um hluta Vífilsdals og Ögmundur Hjartarson ábúandi Vífilsdals.

Þinglesið á manntalsþingi Hörðudalshrepps 3. Júlí 1893.

Björn Bjarnarson.

Gjald 1 – ein – króna.

Björn Bjarnarson.



[1900]

N^o 23

Landamerkjabrjef fyrir
Vígholtsstaði með sínum viðauka af Goddastöðum landi

að norðanverðu eru merkin við ána Ljá í klöpp sem merktur er með X LM. Þaðan sjónhending uppí Ljárflóabörð í Klöpp sem kross er á markaður þaðan sjónhending yfir norðari öxl á vörðu kletti og í hnitsklett, sem er merktur með X LM. Þaðan sjónhending í klöpp framan í flóanum sem merktur með kross. Þaðan sjónhending í klöpp á Reiðholti sem ^{er} merktur með X, þaðan sjónhending í torfuvörðu við vestari enda á lóma tjörn, þaðan sjónhending í stein ofan til við fremsta kelduhól. Þaðan sjónhending í klett sem maður er kallaður uppí hálsinum, þaðan sjónhending í klett á hærri brún á hálsinum sem merktur er með kross og grjóthrúga hjá, þaðan eru mörkin undir brúnina í klett við Lambastaðalönd sem merktur er með kross, þaðan sjónhending í vörðu fyrir norðan hálsinn og sama sjónhending inn við Ljá svo ræður áin merkjum til áðurnefndra klappar við ána

Vígholtsstöðum 19. júní 1900

Kristmundur Guðmundsson eigandi Vígholtsstaða

Jón Guðmundsson Ljárskogum (fyrir hönd móður minnar)

Jóhann Hallgrímsson ábúandi á ½ Ljárskógum

Jón Guttormsson staðarhaldari í Hjarðarholti

Einar Þorkelsson ábúandi á Hróðnýjustöðum

Jóhann Þórarinsson ábúandi og eigandi Goddastoðum

Tómas Jónasson eigandi að Lambastöðum

Þinglesið á manntalsþingi í Laxárdalshrepp 19. júní 1900 og innritað í landamerkjabók
Dalasýslu Litr. B N.23

Vottar

Björn Bjarnarson

Greitt 1 ein kr.

B.B.



[1912]

N^o 24

Við undirritaðir eigendur og búendur á Dunki í Hörðudalshreppi gjörum hér með svofelldann samning:

1. Lóðir þær sem bæjarhús Magnúsar. Búr og Eldhús standa nú á séu héreftir hans eign, þá skulu og lóðir þær sem skemma og smiðja Jóhannesar standa á vera hans eign framv; Lóðir undir heygarði; þeim ásamt (5 al breiðu svæði kringum hann) sem Jóhannes smíðaði til afnota þegar hann hætti ábúð á jarðarparti Magnúsar falli í eign Magnúsar gegn jafnstórum bletti af túni hans;
2. Á næst komandi vori skulu við fá kunnuga menn til þess að skifta túni og útengi og viljum við helst nefna þá Guðm. bónda Guðmundsson á Geitastekk hann er fæddur og uppalinn á Dúnk og þekkir ^{öllum} öðrum fremur örnefni jarðarinnar, Og Gunnlaug Gunnlaugsson búfræðing á Dúnkárbakka sem verið hefur þar ábúandi í nokkur ár, Túninu skulu þeir skipta uppúr og niður úr, ræður gatan í brunninn að ofan verðu og svo bein lína uppúr túninu. Verður þá beinu merkjalína í gegnum túnið. Og skulum við leggja að minnstakosti tvo gaddavírsstrengi eftir merkjunum, Þá skiptunum er lokið sem skal vera fyrir 15. júní n.k. Kostnaðin við girðingu þessa berum við hlutfallslega eftir eignarstærð. Þá skulu þessir menn skipta eingjum í rétta helminga er við drögum svo um, leggja síðan vissan part fyrir eigna mismun. Og að því búnu setja upp glögg merki sem síðan skal skrifa upp sem annað landamerkjabréf.
3. Fjaðratekjur jarðarinnar skulu ábúendur hirða hlutfallslega eftir eignastærð og telja fjaðrirnar svo í sundur
4. Á búendur meiga stækka og færa út húsin hvar fyrir sínu túni eftir vild án tillits til skifta á útengi.
5. Fyrir not þau er Jóhannes hefur haft undan farin ár af óskiptum gögnum jarðarinnar svosem fjaðratekju og slægjuláni greiðir hann Magnúsi 30 kr. fyrir 15 júní n.k.
6. Ágreining þeim sem okkar í millum hefur þegar beitt á af ókláruðum eignarskiptum skal vera með samningi þessum lokið.
7. Þá komum við okkur saman um breitingu á 2 gr, hér að framan, Tún skipti séu þau sömu og gjörð voru sumarið 1908 með þeirri breytingu að bein merkjalína sé tekin frá norður enda heygarðsins að austanverðu, Skal Jóhannes fá jafnstóran blett af túni Magnúsar að austanverðu við girðinguna sem svarar því er Jóhannesar tún skarðast. Kostnað þann sem leiðir af skiptunum berum við báðir hlutfallslega.

Af samningi þessum skulu gjörð tvo samhljóða samrit og hefur sitt hvor okkar.

Pt. Dúnk 6. januar 1911.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Magnús Magnússon
Jóhannes Einarsson.

Vottar
Ólafur Jónasson
Magnús Magnússon

Þinglesið á manntalsþingi að Blönduhlíð 1912 og innritað í landamerkjabók Dalasýslu Litra B.
N^o. 24

Vottar
Björn Bjarnarson.



[1912]

N 25

Slægjuskifta og merkjabrjef á jörðinni Dunki í Horðudalshreppi í Dalasýslu
gjört á milli eigenda

Við undirskrifaðir höfum samkvæmt ósk hlutaðeiganda skift túni og slægjum á jörðinni Dunki í Horðudalshreppi sem hjer greinir í tvo parta

Uppfrá túninu liggja merkin um svonefndan Miðdegishól, og þaðan í stein í efi vestanverðu Efstasjónarhólsholti, þaðan í vestanvert Helluholt, og þaðan í Holt þar fyrir framan, og fram í Vorðuholt fram við fremra gil sem við nefndum Merkja holt – þetta er bein sjónhending.

Þá liggja merkin í vestan verð háu börð og fyrir vestan Fellssíðu og fram í Fellavörðu; en Fellssíðuna að meðtala Háubarðsundi fær Jóhannes í eignamismun en hún takmarkast að norðan af Fremra gili en að austan af klöpp við gilið í stefnu á Gjægu.

Frá Fellavörðu liggja svo merkin suður með fellskoltinum og eru merkjasteinar báðu megin við mið fellsgilin og þaðan í Fremstarfellsefstakoll, og þaðan í Gvendar sels læk þar sem lækur sá rennur austan við Fremstafell fellur í hann. Allan sem sem liggja vestan við nefnd merkji kallast ytri-partur, en fyrir austan þau eystri partur nema Fellssíðan sem áður er sagt.

Þá liggja merkin eftir Gvendar gils læk og eftir dýja lænu uppúr honum og tilheyrir þá stykkið þar fyrir framan neðan frá á og uppað landamerkjum og fram að Snjógili ytri partinum. En fyrir framan Snjógil tilheyrir Seljafell síða og selslágarnar fram að merkjum er við settum í flóann Eystri partinum, en flóinn þar fyrir framan fram að Höllugili ytri partinum. En flóinn þar fyrir framan eða Storagilsflói fellur til Jóhannesar í Eignamismun.

Niður frá 4 túni liggja merkin austan við Húsamýrina niður í móholtseindann síðan út holtið og úr ytri enda þess eins og gatan ræður niður á Klöpp fyrir innan stráka þaðan í stein fyrir neðan sundið og þaðan út og niður Skiphólsholt á Skiphól.

Alt fyrir vestan nefnd merki er ytri partur en fyrir austan þau eystri partur nema Sjónarhóls flói eins og hann takmarkast af Engalæk og Holstekks holti og landa merkjum fella til Jóhannesar í eigna mismun.

Tún skiptin fyrir ofan eru nú eins og merkjin sýna er við settum sam kvæmt samningi er eigendur gjörðu næstliðin vestur og eiga þeir nú allar lóðir hver undir sínum húsum.

Að neðan verðu gilda merkin sem gjörð voru 1908.

Mótak og torfristu mega eigendur ekki hafa hver í annars slægju án leyfis við komandi.

p.t. Dunk 25 mai 1911

Gunnlaugur Gunnlaugsson

Guðmundur Guðmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Við undir ritaðir eigendur jarðarinnar Dunks í Hörðudalshreppi hofum litið yfir framan skrifuð skipti varpað um þau hlutkesti og samþykkt þau, og þ hlaut eg Magnus Magnússon á Gunnarstöðum Eystir hlutann frá fjalli til fjöru eins og hann er tiltekin hér að framan og eg Jóhannes Einarsson á Dunk hlaut ytripartinn sömuleiðis eins og að framan er ritað. Og að auki þá hluta sem að framan eru nefndir í eignamismun.

Samningur þessi skal gilda fyrir aldi og óborna meðan jörðin ekki kemst í eins manns eign, nema báðir hlut að eigendur komi sér saman um annað og skulum við halda merkjunum glöggum og þing lísa á manntalsþingi í Blönduhlíð.

Vitundarvottar

Dúnk 25. maí 1911.

Gunnlaugur Gunnlaugsson

Guðmundur Guðmundsson

Magnús Magnússon

Jóhannes Einarsson

Þinglesið á manntalsþingi að Blönduhlíð 1912 og innritað í landamerkjabók Dalasýslu Litra B
N^o 25

Vottar

Björn Bjarnarson.



[1914]

N^o 26

Landamerki

fyrir hjáleigunni Kringlu eru þessi:

Að norðan hin gömlu og þinglýstu merki á milli Skógstorfunnar og Kvinnabrekku og sömuleiðis að austan hin þinglýstu landamerki milli Kvinnabrekku og Svalbarða alla leið suður að Tunguá. En að ~~norðsunnan~~ norðsunnan ræður Tunguá niður að gamla veginum í Mýmýrarsundinu Hrepp, og svo eru merkin að vestan á milli Kvinnabrekku og Kringlu þannig: eftir gamla götuslóðunum í Hrepp upp á Litlamel og þaðan eftir götunni upp á Ljávörðumelina og upp í efstu vörðuna í Ljávörðuholtinu. En úr því ræður bein stefna í eystri lindina Kringlumegin við Kvinnabrekku mógrafirnar gömlu, og svo úr lindinni eftir há lyngvaxna hryggnum, er lindin kemur undan, austan við sjálfar Norðurbrekkurnar, og á vörðu ofan vert við hrygginn, en síðan bein lína upp brúnina á hálsinum og yfir háсандinn eftir þremur vörðum á klöppum. Síðan beygja merkin austur á við, úr efstu vörðunni og liggja í beinni sjónhending langsettis yfir keldufenið í Hrísbúnaflóa, og um vörðu vestan halt í Rauðhrygg beint áfram inn á landamerki Skógstorfunnar.

Kvinnabrekka 15. maí 1913.

Jóhannes L.L. Jóhannsson

Jón Nikulásson

Þinglesið á manntalsþingi Miðdalahrepps 1914 og innritað í landamerkjabók Dalasýslu.

Vottar

Björn Bjarnarson.



[1916]

27.

Undirritaðir eigendur jarðanna Svínhóls og Oddsstaða í Miðdalshreppi í Dalasýslu gjörum hjermeð með okkur svofellda sætt:

að landamerki milli fyrnefndra jarða skuli vera sem hjer segir: Frá upptökum syðri lækjarins í Fjárbrún og vörðu sem setja skal þar, ræður lækjarfarvegurinn, þartil syðri og nyrðri lækurinn koma saman og ræður svo lækurinn, þartil hann fellur ofaná grasbalann undir Móabörðunum, og skal þar vörðu setja. Síðan eru merkin úr þeirri vörðu, sjónhending sunnanvert við pyttinn í miðjum flóanum í vörðu, sem setja skal á Grendarvörðuna við pytt sem er þar, síðan sama sjónhending beint í Tungá.

p.t. Svínhóli 19. nóv. 1916

Skarphjeðinn Jónsson

Finnbogi Finnsson

Vitundarvottar:

Jóhannes L.L. Jóhannsson

Guðfinnur Guðfinnsson

Fyrirfram innritað í landamerkjabók sýslunnar, Ltr.B nr. 27, bls. 44, til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Miðdalahrepp.

Skrifst. Dalasýslu 20. nov 16

Bjarni P. Johnsen.



[1918]

28.

Við undirskrifaðir, eg Jónas bóndi Jónsson á Stóra-Vatnshorni og eg Jón Jónsson bóndi á Saurstöðum gjörum uppá væntanlegt samþykki háyfirvaldanna svofelld makaskifti.

Eg Jónas Jónsson bóndi á Stóra-Vatnshorni afhendi hjermeð frá mjer og mínum erfingjum til Jóns bónda Jónssonar og hans erfingja:

Kirkjörðina Skinnþúfu í Haukadalshreppi 4,7 hndr. n.m. ásamt tveimur ásauðarkúgildum er jörðinni fylgja og svo tvo smá skika af Stóra Vatnshornslandi, er liggja sunnanverðu við Haukadalsá og leigðir hafa verið að undanfögnu bóndanum á Skinnþúfu fyrir einnar vættar eftirgjald. Afgjaldið af Skinnþúfu sjálfri er ein vætt og fjórir fjórðungar af smjöri eftir þau 2 ásauðarkúgildi jarðarinnar. Jörðinni fylgir allt sem fylgt hefur og fylgja ber og skal hún eftirleiðis vera laus við allar kvaðir, sem legið hafa á henni sem kirkjueign og upp frá því að makaskiftagjörningur þessi fær samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda, vera frjáls bændaeign og hið sama gildir um hina 2 umræddu skika af Stóra Vatnshornslandi, er liggja fyrir sunnan Haukadalsá og fylgja skulu Skinnþúfu upp frá þessu. En hvíla skulu allar skyldur á jörð þessari framvegis sem annari frjálsri bændaeign.

Ég Jón Jónsson afhendi aftur á móti frá mjer og mínum erfingjum til Jónasar bónda Jónssonar og hans erfingja, eignarjörð mína Stóra^{Litla} Vatnshorn í Haukadalshreppi að dýrl. 10,7 hndr. n.m., ásamt tveimur ásauðarkúgildum og öllu því sem jörðu þessari fylgt hefur og fylgja ber og svara til lagaríftinga að því er hana snertir. Afgjald af jörðu þessari eru tvær vættir og fjórir fjórðungar af smjöri, eftir þau 2 kúgildi sem jörðinni fylgja, og skal jörð þessi eftirleiðis koma í stað kirkjueignarinnar Skinnþúfu og hinna 2 afhentu landskika af Stóra Vatnshorni, að því er Stóra Vatnshornskirkju snertir og sama band hvíla á henni eftirleiðis sem hvílt hefur á Skinnþúfu og hinum tveimur umræddu skikum sem veði fyrir kirkjunni.

Framanskriðuðum samningi til staðfestu, nái hann yfirvaldanna samþykki undirskrifum við nöfn okkar í viðurvist tveggja vitundarvotta.

P.t. Kvinnabrekku 2. marz 1894

Jónas Jónsson.

Jón Jónsson.

Vitundarvottur:

Jóhannes L.L. Jóhannsson

Árni Árnason.

Þareð vjer álitum að Litla-Vatnshorn sje talsvert aðgengilegri eign fyrir Stóru Vatns[horns]kirkju, heldur en Skinnþúfa og hinir 2 umræddu skikar af Stóra Vatnshornslandi,



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

með því annar þeirra er lítilsvirði og ekki slægjuland og afhending þeirra skerðir ekkert ábúð á Stóra-Vatnshorni, sem hefur yfirfljótanlegt land í alla staði, þó þessir 2 skikar gangi frá, þá leyfum vjer oss að mæla með þessum makaskiftum.

Í sóknarnefnd Stóra Vatnshornssóknar

P.t. Kvennabrekku 2. marz 1894.

Jónas Jónsson

Ólafur Brandsson

Árni Árnason

Hinsvegar ritaða vottorði sóknarnefndarinnar í Stóra-Vatnshornssókn er eg undirskrifaður sóknarprestur í alla staði samþykkur.

Kvennabrekku 2. marz 1894

Jóhannes L.L. Jóhannsson.

Fyrirfram innfært þann 21. maj 1918, í landamerkjabók sýslunnar Ltr. B. nr. 28 til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Haukdalahrepp.

Bjarni Þ. Johnsen

Gjald í landssjóð:

2 – tvær – krónur

Greitt Bþf.

Þinglesið á manntalsþingi Haukadalshrepps 15. júní 1918.

Bjarni Þ. Johnsen.



[1918]

Nr. 29 ^{nr. 289.}

Eg Jóhannes L.L. Jóhannsson prestur á Kvinnabrekku í Dalasýslu, Gjörir kunnugt: að jeg að fengnu konungssamþykki frá 30. sept. f.á. með brjefi þessu sel og afsala sjálfseignarbóndanum Benedikt Þórðarsyni á Háafelli í Miðdalahreppi, landsspildu þá, sunnanvert á Geldingadal og sem tilheyrt hefur ljensjörðinni Kvinnabrekku, er nær frá Merkjahjalla að Djúpadalsgili með öllum þeim gögnum og gæðum, sem land þetta hefur til að bera, fyrir ákveðið kaupverð 450 kr. – fjögur hundruð og fimmtíu – krónur og með þeim skildaga sem settur er í konungsleyfinu, að samþegaritak það, sem Háafell hefur til þessa haft á Geldingadal, falli niður. Með því nú að velnefndur Benedikt Þórðarson hefur að fullu greitt mjer andvirði landsspildunnar með 450 kr. í peningum, þá segi jeg hann upp frá þessum degi rjettan eiganda nefndrar landsspildu, sem að dýrleika er metin 2 – tvö – hundruð og afhendist hún hjer með frá mjer sem staðarhaldara á Kvinnabrekku og mínum eftirmönnum í hendur áðurnefnds eiganda Háafells og hans erfingja með öllum þeim rjettindum og skyldum sem aðrar bændaeygnir hafa eftir landslögum. Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en eg svara til lagariftinga.

Til staðfestu er nafn mitt og innsigli og svo tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Kvinnabrekku 1. júní 1897

Jóhannes L.L. Jóhannson (L.S.)

Vitundarvottar:

Guðmundur Guðmundsson

Einar Guðmundsson.

Þinglesið á manntalsþingi Miðdalahrepps 11. júní 1897 og innritað í veðmálalabók Dalasýslu Litr. F Nr. 286.

Vottar

Björn Bjarnarson.

Gjald 1 kr. – 50 aur. B.B.

Fyrirframte innfært þann 21. maj 1918 í landamerkjabók sýslunnar Ltr. B nr. 29, til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Miðdalahrepp. Bjarni P. Johnsen.

Gjald í landssjóð:kr. 2.00 – tvær – krónur

Greitt Bþf.

Þinglesið á manntalsþingi Miðdalahrepps 15. júní 1918.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bjarni P. Johnsen.



[1919]

Nr. 30.

Landamerki fyrir jörðunni Rauðbarðaholt í Hvammshr.

Milli Rauðbarðaholts og Knararhafnar ræður merkjum Hafnará neðan frá Saurhól, er stendur við Hafnará, og það allt upp að Hafnarárvatni; svo ræður sjónhending út vatnsendanum innri upp í Hraun.

Milli Rauðbarðaholts og Teigs ræður merkjum bein lína úr áðurnefndum Saurhól, þar sem hann er hæstur út í svonefndan Saurpoll, sem sem er á gamla veginum innanvert við þrívörður. Úr Saurpolli ræður gamli og nýi vegurinn út að læk er Víðilækur nefnist, þaðan sá lækur út og ofan á móts við holt það, er Hamar heitir, að neðanverðu úr flóann. Þaðan ræður merkjum vatnsveituskurður sem byrjar ofanhalt við Hamarinn, út á móts við svokallað Merkjaholt.

Milli Rauðbarðaholt og Ketilstaða ræður merkjum, sjónhending úr skurðsendanum í syðri ósinn á Holtsvatni, svo ræður vatnið út að svokölluðum Hólslæk, og sá lækur úr því að Hólsmarkjum.

Milli Rauðbarðaholts og Hóls ræður merkjum Grensá ofan frá upptökum í Hraunum niður að Lyngás-höfði, þaðan sjónhending í Sjónarhól ytri, þaðan sjónhending í Merkjalæk á Barmsbrún, þar sem hann hefur upptök sín, þaðan ræður Merkjalækur ofan Barm niður að torfvörðu, er stendur við ræsi á gamla veginum milli Rauðbarðaholts og Hóls innanvert úr Kýrholt og svo þaðan sjónhending í torfvörðu, er stendur við krikann á Hólslæk, laust innanvert við svokallað Merkjaholt.

Rauðbarðaholti 31. desember 1918.

Kristmundur Eggertsson eigandi Rauðbarðaholts.

Bjarni Jensson. Samþykkur fyrir hönd eiganda Hóls.

Jóhannes Guðmundsson eigandi Teigs

Sigurður Gíslason eigandi Ketilsstöðum

Þórður Kristjánsson eigandi Knararhafnar.

Fyrirfram innfært þann 26. apríl 1919 til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Hvammshrepp. Bjarni Þ. Johnson.

Gjald í landssjóð

þingl. 2.00

stimpilgj. 1.00

3.00 – þrjár – kr

Greitt Bþf.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi Hvammshrepps 1919.



[1919]

Nr. 31

Landamerki Hrappsstaða í Laxárdalshreppi.

Að sunnan ræður Laxá. Að vestan eru merkin milli Fjósa og Hrappsstaða úr lækjarsitru framanvert við Kistunef, þaðan í þverrunna og eftir honum í Digruvörðu, en frá henni sjónhending í Brekkuhöfða til sjávar. Að austanverðu milli Hjarðarholts og Hrappsstaða: Úr Laxá í stóran stein framanvert við Rjúpnalág; þaðan sjónhending í Brekkubarðið fyrir framan túnið; þaðan bein stefna í nokkuð stóran sjerstakan stein á innanverðum hálsinum, framanvert út Vatnsklett og svo þaðan eftir miðju Keldudragi, sem neðst er nefnt Illakelda til sjávar. Þaðan ræður Hvammsfjörður til Brekkuhöfða.

Hjarðarholti 29. júní 1919

Ólafur Ólafsson eigandi Hjarðarholts og umráðamaður Fjósa.

Sigtryggur Jónsson Eigandi Hrappsstaða

Þorbjörg Jóhannesdóttir Eigandi Sauðhúsa.

Tómás Kristjánsson Eigandi Höskuldsstaða.

Þinglesið á manntalsþingi Laxárdalshrepps 1. júlí 1919.

Bjarni Þ. Johnsen

2 – tvær – krónur
greitt. Bþf.



[1921]

Nr. 32

Landamerki fyrir jörðinni Rútsstöðum í Laxárdalshreppi

Milli Kambsness og Rútstaða eru landamerki þannig, að steinn sem stendur í lækjarfarveg í austanverðum Rútstaðahvammi og þaðan í klöpp sem kross er í högginn með vörðubroti, sem er á smáholtunum og þaðan sjónhending í Hríshól á Saurahálsi.

Milli Þorgbergsstaða og Rútstaða: Úr Hríshól í Rúthól og þaðan í hesthústópt austanvert við túnhornið á Rútsstöðum, þaðan í Rútstaðahól og svo þaðan beina sjónhending niður í sjó eptir þúfum eptir þúfum, sem upp hafa verið hlaðnar til merkja.

Þorbergsstöðum og Kambsnesi 27/5 1921.

Benedikt B. Kristjánsson Þorbergsstöðum

Gísli Sigurðsson Kambsnesi

Benedikt Benediktsson Kambsnesi

Böðvar Marteinnsson Rútsstöðum

Þinglesið á manntalsþingi Laxárdalshrepps 28. maí 1921

Þorst. Þorsteinsson settur

Gjald 2 – tvær – kr

stimpilgjald 1 – ein – kr

Alls kr. 3 – þrjár



[1922]

Nr. 33

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Miðskógi í Miðdalahreppi

Landamerkjum milli Miðskógs og Kvinnabrekkueignarinnar ræður á milli ysta oddans á Kirkunesinu og Miðskógsengja lítið síki neðan undir börðunum neðan frá Miðá niður í Stórugróf, sem er næst fyrir utan Leirgróf. Í Stórugróf en hnausavarða og úr þeirri vörðu ræður bein sjónhending upp í merkjastein í túninu milli Miðskógs og Kirkuskógs og þaðan norðvestantil í lágina sem er sunnan til við Klapparhólinn á hálsbrúninni fyrir ofan túnin. Í þessari stefnu er ráðgert að setja 2 hnausavörður á flóanum og 2 grjótvörður á holtunum fyrir neðan túnin. Frá klapparhólnum í brúninni ganga merkin í beina stefnu, eftir línunni á flóanum upp eftir hálsinum upp á há sand, þar til vötnum hallar norður af sandinum að Tjarnarflóa. Á þessari leið ákveðið að hlaða 3 steinvörður á klappir og svo að auki hornvörðu austast á sandinum. Síðan liggja merkin í beina stefnu eftir melunum sunnan fram með Tjarnarflóa taglinu að svo nefndri Jónsvörðu, en þaðan beina sjónhending í Rauðalæk þar sem hann fellur vestur í Torfdal. Þá ræður holtabrunin milli Torfdals og tjarnarflóans suður í Torfdalsmynni og ~~neðra enda~~ þaðan í Steinbogann fyrir ofan götur milli bæjanna. Úr ^{neðri enda} Steinbogans ganga merkin beina sjónhending í Ytri-Púfuna á Merkjaholtinu á flóanum og þaðan beint í vörðu á árbörðunum fyrir sunnan Fremri-Leirgróf og þaðan í neðsta Leirgrófarpytt, en úr pyttinum eftir Miðskógsbakkasíki til Miðár fyrir ofan Langhólm. Svo ræður Miðá merkjum milli Miðskógs að norðan, en Snóksdals og Hamraenda að sunnan upp að síkinu við Kirkjunesoddann.

Miðskógi 6. júlí 1917

Magnús Hjálmtýsson eigandi Miðskógs

Jóhannes L.L. Jóhannesson umráðamaður Kvinnabrekku og Kirkjuskógs.

Ólafur Jóhannesson eigandi Stóraskógs

Þorbjörn Ólafsson eigandi Skógskots

Kristján Jónsson eigandi Snóksdals

Baldvin Baldvinsson eigandi Hamraenda

Vitundarvottar:

Guðmundur Guðmundsson

Pétur Sveinsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Miðdalahrepp 19. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þinglj. kr. 3 – þrjár



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpilgj. kr. 1.00 ÞP.



[1922]

Nr. 34.

Landamerkjabrjef fyrir Saura í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

Að norðanverður ræður Laxá merkjum uppfrá sjó alt að lækjarsitru þeirri, er rennur ofan Merkjahvamm í Laxá, þaðan liggja landamerkin upp miðjan hvamminn og eftir landamerkja garði fornum sem er rétt fyrir ofan hvamminn þaðan sjónhending í leirpoll fyrir neðan Breiðamel, og þaðan úr honum sjónhending upp í vörðu á Skriðuhöfðinu þar sem hæðst ber á hálsbrúninni, þaðan sjónhending í há Saurhól, og úr honum suður í vörðu á holtinu fyrir sunnan svo kallað Saurhóllsund. Milli Þorbergsstaða og Saura frá síðast nefndri vörðu í vestur í Krossstein efst í Grafarbrekku og þaðan beint í vörðu sem hlaðin er hjá jarðföstum steini með krossi, stutt fyrir innan læk sem rennur ofaní Grafirnar, þaðan beint í jarðfastan stein með krossi niður á holtunum beint frá honum og í annan stein þar neðar með krossi og beint úr honum í vörðu á Hríshól hvar kross er högginn í stein. Milli Kambsnes og Saura, úr Hríshól í Melkorku (höfði við sjóinn).

Saurum 15. júlí 1917

Jóhannes Benediktsson ábúandi og eigandi að $\frac{3}{4}$ þörtum Saurum

Guðbr. Guðbrandsson eigandi að $\frac{1}{4}$ parti Saurum

Benedikt B. Kristjánsson eigandi Þorbergsstaða

Gísli Sigurðsson eigandi $\frac{1}{2}$ Kambsness

Benedikt Benediktsson eigandi $\frac{1}{2}$ Kambsness

Þorbjörg Jóhannesdóttir eigandi að Sauðhúsum.

~~Fyrir~~ Innfært í landamerjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Laxárdalshrepp 21.
júní 1922

Þorst. Þorsteinsson

Þingl. gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 35

Landamerkjaskrá fyrir Hól í Hvammshreppi í Dalasýslu

Að innan, milli Hóls og Rauðbarðaholts, ræður merkjum Grensá ofan frá upptökum í Hraunum niður að Lyngáshöfði, þaðan sjónhending í Sjónarhól ytri, þaðan sjónhending í Merkjalæk á Barmsbrún, þar sem hann hefir upptök sín, þaðan ræður Merkjalækur ofan Barm niður að torfvörðu, er stendur við ræsi á gamla veginum milli Hóls og Rauðbarðaholts innan vert við Kýrholt og svo þaðan sjónhending í torfvörðu, er stendur við krikann á Hólslæk, laust innanvert við svokallað Merkjaholt.

Að neðan, milli Hóls og Ketilstaða, ræður merkjum Hólslækur frá áður nefndri vörðu ofan að stórum pitti, sem er ofan til í Hólsflóa, þar sem hlaðin er torfvarða, úr pittinum, ræður sjónhending eftir 3 vörðum úr torfi ofan Hólsflóa að öðrum stórum pitti þar sem Hólslækur byrjar aftur; þaðan ræður svo Hólslækur ofan í Hólsá.

Að utan, milli Hóls og Hafursstaða, ræður merkjum Hólsá neðan frá áður nefndum Hólslæk alla leið upp í austurenda Laugavatns undir Vatnamúla og þaðan sjónhending upp í Vatnamúlaborg.

Að ofan, milli Hóls og Breiðabólstaðar, ræður merkjum sjónhending úr áður nefndri Vatnamúlaborg inn í Grensárupptök.

Gjört á Hóli 29. júní 1918.

Bjarni Jensson eftir umboði eiganda Hóls, ritaða landamerkjaskrá.

Jón Eiríksson, eigandi Hafursstaða.

Kristmundur Eggertsson eigandi Rauðbarðaholts.

Í hreppsnefnd Hvammshrepps, sem er eigandi ½ Ketilstaða

Ásgeir Ásgeirsson Guðjón Ásgeirsson Þorgils Friðriksson Bjarni Jensson

Þórður Kristjánsson eigandi Breiðabólstaðar

Rjett eftirrit eftir oss sýndu frumriti staðfestum vjer undirritaðir fasteignamatsmenn.

p.t. Ásgarði 29. júní 1918.

Indriði Indriðason Ásgeir Ásgeirsson Ólafur Finnsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Hvammshrepp 22. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00 –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

P.P.



[1922]

Nr. 36.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Hólum í Hvammshr.

Að framanverðu, milli Hóla og Lauga, ræður landamerkjum sjónhending úr mynni svokallaðs Brokalækjar upp í hrygg þann, ljósgulan að lit, sem Merkjahryggur heitir, síðan hryggurinn sjálfur upp í lág þá, er Skoralág nefnist.

Að ofan, milli Hóla og Hvamms, ræður merkjum hryggur sá, er liggur bak við Þverdalsbotn og fyrir ofan Norðurhóla, frá áðurnefndri Skoralág út eftir fjallinu alla leið að beinni þverlínu milli Skrubbu og Laxárgils.

Að utanverðu, milli Hóla og Skerðingsstaða, ræður áður nefnd þverlína í Laxárgil og gilið sjálft úr því beint ofan í Laxá.

Að neðanverðu, ræður Laxá frá áðurnefndu gili merkjum milli Hóla og Ásgarðs og Hóla og Leysingjastaða fram að Svínadalsá og þaðan Sælingsdalsá allt fram að mynninu á fyrnefndum Brokalæk.

Gjört í Hólum 20. júní 1918

Bjarni Jensson eigandi Hóla og Ásgarðs

Bjarni Jónsson eigandi Lauga

Ásgeir Ásgeirsson umboðsmaður Hvamms

Ólafur Jónsson eigandi Sælingsdalstungu

Rjett eftirrit eftir oss sýndu frumriti staðfestum vjer undirritaðir fasteignamatsmenn.

p.t. Ásgarði 20. júní 1918.

Indriði Indriðason Ásgeir Ásgeirsson Ólafur Finnsson.

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Hvammshrepp 22. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 þrjár

stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 37.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hafursstöðum í Fellsstrandarhr.

Að innan, milli Hafursstaða og Hóls, ræður merkjum Hólsá neðan frá Hólslæk alla leið upp í austurenda Laugavatns undir Vatnamúla þaðan sjónhending upp í Vatnsmúlaborg.

Að ofan, milli Hafursstaða og Breiðabólstaðar, ræður merkjum sjónhending úr áðurnefndri Vatnsmúlaborg í Stóruborg og þaðan aftur sjónhending í Hestastapavörðu.

Að utan, milli Hafursstaða og Breiðabólstaðar, ræður merkjum sjónhenging úr áðurnefndri Hestastapavörðu í krossstein, sem stendur við vestra Steinalágarhöfuð (öðru nafni Tvísteinalágarhöfuð), þaðan sjónhending í vörðu á krosssteini í Merkjustapa, þaðan sjónhending í vörðu á krosssteini í Urðarstapa og loks þaðan sjónhending í hásuður í Hólsá (Breiðabólsstaðará).

Að neðan, Hafursstaða og Ketilstaða, ræður merkjum Hólsá (Breiðabólsstaðará) frá áðurnefndri sjónhendingu inn í Hólslæk.

Hafursstöðum 29. júní 1918.

Jón Eiríksson eigandi

Kristrún Eiríksdóttir eigandi

Þórður Kristjánsson eigandi Breiðabólsstað.

Í hreppsnefnd Hvammshrepps, sem er eigandi ½ Ketilstaða

Porgils Friðriksson Bjarni Jenson Ásgeir Ásgeirsson

Bjarni Jensson (í umboði Hólseiganda).

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Fellsstrandarhrepp 14. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 þrjár

Stinpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 38.

Landamerki Rúffeyja.

Að austan skilur röstin milli Rauðeyja og Rúffeyja, að norðan eru norðursker og djúpið þar út, að vestan er Kálfadjúpið Kálfaboði vestastur, að sunnan ræður röstin milli Rúffeyja og Staðarhólseyja (Djúpeyja).

Skarði 7. júlí 1918

Bogi Magnúsen

Innfært í landamerkja bók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi að Skarði 24. júní 1922
Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 þrjár

Stimpilgj. 1.00, borgað

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 39.

Landamerki Rauðseyja.

Austast er Ásmundarsker og Sandsker, að norðan er djúpið milli Rauðseyja og Suðurlanda, og röstin að vestan milli Rúffeyja og Rauðseyja, að sunnan er Bolasker og syðst og þar innar Svörtusker.

Skarði 7. júlí 1918

Bogi Magnúsen

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Skarðshrepp, að Skarði 24. júní 1922

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00 borgað

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 40.
Landamerki Ár.

Að utan ræður Krossá frá sjó upp til St'angalækjar; að framan ræður lækurinn að upptökum hans, þaðan eftir grjóthrygg í svokallaðan Brúnarlækarlæk í fjöllumunum utanvert við Skarðsrjett; úr þeim læk skilur sjónhending lönd Ár og Geirmundarstaða niður í tvo steina í skógnum neðan verðu Skógargatna og úr þeim steinum í dý innanvert við Kiðhústópt og þaðan eftir Keldudragi niður í Langanesveg.

Skarði 7. júlí 1918.

Bogi Magnúsen

Innfært í landmerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Skarðshrepp 24. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00, borgað

P.P.



[1922]

Nr. 41.

Landamerkjaskrá fyrir Kveingrjót í Saurbæjarhreppi

Milli Kveingrjóts og Bjarnarstaða eru landamerki, úr Staðarhólsá með enga girðinu Kveingrjóts alt upp að mynni Gilsins sem rennur ofan milli túnanna. Lækurinn ræður landamerkjum upp hálsana til fjalls upp á hábrún og þaðan sjónhending á landamerki Fagradals yfir daladragið eftir því sem vötnum hallar, svo eftir Fagradalslandamerkjum alt á háhrygg í stefnu á Draugavatn. Þaðan bein sjónhending ofan á brún Saurhóls megin við svokallaða Kambsgjá. milli Kveingrjóts og Saurhóls er landamerki, ofan af hábrún Saurhólsmegin við áður nefnda Kambsgjá beina sjónhending ofan að svartri þúfu í Dýjarlágarskarði og sama sjónhending um læk með jarðbrún norðan við hálsana og í mestu laut á Hörðeyri við Kirkjuvað. Eru nú sett upp hnausamerki úr þessari sjónhendingarlínu. Frá Kirkjuvaði eða frá lautinni ræður Staðarhólsá og Kveingrjóts allt fram að áður nefndum Bjarnarstaða landamerkjum.

Kveingrjóti 12. júlí 1918

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps

Eggert Theodórsson St. Eyjólfsson Steingr. Samúelsson Ben. Finnsson

Samþykkur sem ábúandi Kveingrjóts Jón Markússon

Vegna Bjarnarstaða samþykk Ragnheiður Kristjánsdóttir

Samþykkur sem eigandi að Saurhóls Ben. Magn.

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og Þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. jr. 3 þrjár

Stimpil.gj. kr. 1.00

P.P.



[1922]

Nr. 42.

Landamerkjaskrá fyrir Þverdal í Saurbæjarhreppi.

Milli Kjarlaksvallar og Þverdals frá Staðarhólsá um miðja Grænueyri í Djúpulaut sunnanvert við Illamel sjónhending yfir miðjan Langahjalla enda í há Galtarhausinn, síðan eins og vötnum hallar suður Göltinn og alla leið eins og vötnum hallar uppí Hafratind. Úr Hafratind eftir norðurjaðri Skófna hrauns að há hrigg fjallsins milli Skólagils og Keragils að landamerkjum Bjarnastaða á fjalls brúninni þar sem hún er hæðst upp að stórri gjá sem er í fjallsbrúninni. Úr fyrnefndri gjá í grjótrúst sem er í hlíðinni sjónhending í móarúst í mýrinni skamt frá túni Bjarnastaða og lægð fyrir framan túnið á Bjarnastöðum síðan eftir engjaskurði Bjarnastaða í Staðarhólsá. Frá Bjarnastaðaskurði ræður Staðarhólsá merkjum milli Þverdals og Þverfells fram á miðja Grænueyri.

Þverdal 12. júlí 1918.

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps

Eggert Theodorsson Steingr. Samúelsson Ben. Finnsson St. Eyjólfsson

Samþykkt sem ábúandi Þverdals Guðrún Pálsdóttir

Samþykkt sem ábúandi Bjarnastaða Ragnheiður Kristjánsdóttir

Samþykktur sem ábúandi Kjarlaksvallar Hjörtur Jensson.

Innfær í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 43.

Landamerkjaskrá fyrir Kjarlaksvöllum með Traðardal.

Milli Kjarlaksvallu og Staðarhólstungna eru landamerki, frá minni Traðardalsár þar sem hún kemur í Hvammsdalsá við Tungusporðinn alla leið fram að Smjörhjallagili. Ræður það gil landamerkjum upp á Steypu úr upptöku gilsins. Það er landamerki milli Kjarlaksvallu og Hvammsdals og Sælingsdals upp hæstu sanda Steypunnar um Hrossaborg eftir Merkjahrygg sem vötnum hallar til daladraga Traðardals. Þaðan upp að Kleifrutind. Svo þaðan sem vötnum hallar allt ofan í há Gölt, allt ofan hæstan sandhrygg á Galtarhaus fram um miðjan Laugahjalla enda sjónhending í djúpa laut sunnan til við Illamel yfir miðja svokallaða Græneyri við Staðarhólsá Kjarlaksvallu megin. Þetta eru landamerki milli Kjarlaksvallu og Þverdal. Milli Kjarlaksvallu og Þverfells eru landamerki – Staðarhólsá alla leið frá áðurnefndri miðri Græneyri allt framan Tungusporði.

~~P.t.~~ Þverdal 12. júlí 1918

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps

Eggert Theodórsson Steingr. Samúelsson St. Eyjólfsson Ben. Finnsson.

Samþykkt sem ábúandi Kjarlaksvallu Hjörtur Jónsson

Samþykkt sem ábúandi Þverdals Guðrún Pálsdóttir

Ennfremur eiga Kjarlaksvellir ítak í slægju í Oddanum. – Sjá landamerkjaskrá Staðarhóls. –

Sama ár og dag sem hinsvegar.

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

Eggert Theodórsson Steingr. Samúelsson St. Eyjólfsson Ben. Finnsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00 –

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 44.

Landamerkjaskrá fyrir Kleifa í Gilsfirði

Milli Brekku og Kleifa ræður landamerkjum kelda sú sem er að norðanverðu við svonefndan Grjóthólma eins og hún liggur uppundir Brekku um eyrina fyrir neðan árgljúfrin og svo ræður áin alla leið norður í heiðarvatn og á Vatnsholt. Þaðan eftir hæðstum hæðum fyrir Þórarinsdalabotn upp í hæðsta Bruna beint upp af Krossarvatni, þaðan þvert niður á Krossárvatn og svo beint úr suðurhorni vatnsins yfir Lambafell, sjónhendingu í Baulu á Eyrafjalli að Mjódalsá, svo eftir Mjódalsá í tjörn þá sem hún rennur úr, þaðan beina sjónhendingu í Lambavatn, svo úr suðurendanum á Lambavatni í hæðsta holt á Tunguheiði og af því í hæðsta hraun í suður beint undan skarði því sem Deildargilið fellur niður, þar ræður Deildin merkjum milli Ólafsdals og Kleifa til sjáfar.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja.

St. Eyjólfsson

Þr. Guðlaug Sakariasdóttir

Markús Torfason Ólafsdal

Sturlaugur Einarsson Snartatungu

Sigurgeir Ásgeirsson Óspakseyri

Sigmundur Lýðsson Einfætningsgili

Jón Theódórsson Brekku

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922

Þorst. Þorsteinsson.

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

P.P.



[1922]

Nr. 45.

Landamerkjaskrá fyrir Ólafsdal í Saurbæjarhreppi.

Milli Ólafsdals og Kleifa eru landmerki gil svokölluð Deild næst við Ólafsdal á Kleifahlíð. Ræður það gil merkjum upp á brún og úr Deildarskarði beint upp á hraun. Kringum allan dalinn eru landamerkin af hæstum hæðum sem vötnum hallar ofan í daladrög Hvarfsdals, Ólafsdalsfossa og Lambadals – fram á fjallsbrún Holtahlíðar (er aðrir nefna Ólafsdalshlíð) utanvert við svokallaða Byrgismýri, þar sem sjá má fyrir gömlum lagargarði ofan að sjó, úr hlíð ofan. Er nú þessi merki kölluð Merkjaskriða. Fjaðratekju hefur Ólafsdalur frá nefndri Merkjaskriðu inn með sjó inn að áðurnefndri Deild. Engin veit um ítök Ólafsdals til annara jarða nje annara jarða í Ólafsdalslandamerkja.

Ólafsdal 11 júlí 1918

Guðlaug Sakaríasdóttir

Samþykkur sem ábúandi og eigandi Kleifa St. Eyjólfsson

Samþykkur sem ábúandi og eigandi Stórholts Guðm. Theódórsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. Kr. 1.00 -

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 46.

Landamerkjabréf fyrir Efri Brunná í Saurbæjarhreppi.

Milli Neðri-Brunná og Efri-Brunná eru landamerki, gamli Brunnafarvegur frá upptökum hennar í fjallsbrúninni fyrir ofan Brunnárgjá alla leið ofan milli Brunnártúnanna, þar til hún rennur í Hvolsá. Þaðan ræður Hvolsá merkjum milli Efri-Brunnár og Stóramúla fram að viki í nefndri Hvolsá niðurundan svonefndu Stekkjarhvammsbarði. Þaðan sjónhending af nefndu Stekkjarhvammsbarði í miðja Feðgagötu, sem liggur neðanvert í fjallshlíðinni, og sjónhending í fjallsbrún. Þetta eru landamerki milli Marskeldu og Efri-Brunnár.

Efri Brunná 12 júlí 1918

Eggert Theodórsson eigandi og ábúandi Efri Brunná

Samþykkir eigendur og ábúendur Marskeldu, Felix Eiríkss Guðgj. Jakobs.

Samþykkur sem ábúandi Neðri Brunná Elías Guðm.

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhreppi 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 47.

Landamerkjaskrá fyrir Stóra-Múla í Saurbæjarhreppi.

Milli Stóra-Múla, Þuranes og Staðarholands eru merkin: Úr norðvesturhorni Fellsins ofan hæsta melhrygginn ofan að svo kölluðum Grásteini fyrir ofan Þuranes – þaðan frá steininum sjónhending ofan með Þuraneðstúngarði, um prestspúfu í Oddanum í jarðfastan stein austan til í Kirkjuhól, um há hólinn austan við kirkjuna og fundarhúsið, þar sem nú eru stungnir upp hnausar sem merki. Svo þaðan önnur sjónhending um miðja austustu Tjörnina í Oddanum í jarð ofan að jarðföstum steini ofantil við efri Dauðavarðseyri Stóra-Múlimegin við Hvolsá, og þaðan sama sjónhending yfir ána í gamla móarúst í fljótsbakkanum Fitjamegin í Neðri-Brunnarlandi. Þar nú sett torfvarða. Þaðan ræður Hvolsá landamerkjum milli Stóra-Múla, Neðri-Brunná, Efri-Brunnálanda og að nokkru Marskeldunes fram á eyri þar sjá má fyrir lægð og upp af henni lækjarsitru með djúpum pittum, þaðan bein sjónhending upp flóann eftir gömlum merkjagarði – sem ennþá má glögg sjá – um móatópt á neðstu börðunum upp milli Múlanna í svokallaðann Fuglsstapa uppundir Fellinu á honum er stór steinn. Þaðan upp í Storugjá í norðausturhorni Fellsins. Þessi beina sjónhendingar lína neðan Hvolsá upp að Fellinu er landamerki milli Stóra-Múla og Litla-Múla. Eru nú á þessari línu sett upp hnausamerki.

Stóra-Múla 12. júlí 1918.

Kristján Benjamínsson (handsalað)

Samþykkur sem ábúandi Þuranes, Hannes Guðnason

Samþykkir vegna Staðarholshjarða sem eiga part í Oddanum.

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps

Steingr. Samuelsson. St. Eyjólfsson Ben. Finnsson, Eggert Theodórsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson.

Þingl.gj. kr. 3. Þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 48.

Landamerkjaskr. fyrir Þuranes í Saurbæjarhreppi

Milli Þuranes og Staðarhóls eru landamerki úr Ölversgjá í Fellsbrún sjónhending í Háahjalla um Brautardý í skarpastu buginn á Krókkeldu og þaðan eftir Krókakeldunni ofan í Staðarhólsa. Staðhólsa ræður merkjum milli Þuranes og Saurhóls alla leið að Erlendstópt – frá þeirri tópt bein sjónhending í Prestspúfu í Oddanum á landamerkjum Stóra-Múla. Frá prestspúfu bein sjónhending með Þuranestungarði upp í Grástein fyrir ofan Þuranes og þaðan upp há hrygginn í norðvesturhorn Fellsins. Þetta eru landamerki milli Þuranes og Stóra-Múla. Þess skal getið að Staðarhólsa, hefur breyst í gegnum svokallaðann Lambanestanga af Sauðholslandi og er því sá tangi Þuranesmegin ánar, er Sauðhóll á.

p.t. Þuranesi 12. júlí 1918

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

Eggert Theodórsson, StEyjólfsson Ben. Finnsson Steingr. Samúelsson

Samþykkur sem ábúandi Þuranes, Hannes Guðnason

Samþykkur sem eigandi Saurhóls, Ben. Magn.

Samþykkur sem eigandi Stóra-Múla Kristján Benjamínsson

Valdimar Guðbrandsson

Ennfremur á Þuranes ítak í slægju og beit í Oddanum. Sjá landamerkjaskrá Staðarhóls.

Sama ar og dag sem hinsvegar

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

Eggert Theodórsson, St. Eyjólfsson, Steingr. Samúelsson, Ben. Finnsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922

Þorst. Þorsteinsson

Þinglj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 49.

Landamerkjaskrá fyrir Miklagarð í Saurbæjarhreppi.

Milli Miklagarðs og Staðarhóls ræður merkjum Kelda sú sem rennur úr merkjalæk millum Þverfells og Miklagarðs allt ofan flóann að Hólkoti, svo ræður merkjum girðingin í túngirðingarhorni á Staðarhóli að innan. Þaðan girðingin fyrir Staðarhólstúni að læk þeim sem rennur í gegnum Staðarhólstúnið, svo ræður hann merkjum upp hlíðina og beina línu í miðgjá í brúninni, svo eftir því sem vötnum hallar á fellinu allt í hrigg þann sem er sunnanvert við Staðarhól svo í votuhellu í Geithvammi i læk þann sem rennur næst fyrir sunnan geithúsatóft – og síðan sjónhending í Staðarhólsá.

Miklagarði 12. júlí 1918.

I hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

Eggert Theodórsson, St. Eyjólfsson Ben. Finnsson

Samþykkur sem eigandi Þverfells Sigurður Jóhannson

Samþykkur sem ábúandi Miklagarðs Steingr. Samuelsson

Ennfremur á Mikligarður ítak í slægjum og beit í Oddanum. Sjá landamerkjaskrá Staðarhóls.

D.u.S.

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

Eggert Teodórsson. St Eyjólfsson Ben. Finnsson, Steingr. Samúelsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj kr. 3 – þrjár

Stimpil.gj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 50.

Landamerkjaskrá fyrir Bjarnastaði í Saurbæjarhreppi

Milli Bjarnastaða og Þverdals eru landamerki: Frá Staðarhólsá upp með engja skurði neðan frá á og upp í lægð fyrir framan túnið, svo sjónhending í móarúst í mýrinni skamt frá túni Bjarnastaða að sunnanverðu – og í grjótrúst upp í hlíðinni – þaðan beint í Stórugjá í fjallinu sem þar sem það er hæst. Af þeirri fjallsbrún upp hæsta melhrygginn allt að beinni línu milli Skeifnahrauns og á háhrygg fjallsins milli Skálagils og Keragils. Þaðan bein lína í Keragilsbotn og að Kveingrjótslandamerkjum á fjallsbrún þar sem lækur af brúninni hefir upptök sín á brúninni. Ræður sá lækur landamerkjum alla leið ofan múlana niður milli túnana og þaðan ræður Kveingrjótsengjagirðing landamerkjum allt ofan í Staðarhólsá. Ræður svo Staðarhólsá landamerkjum milli Bjarnastaða og Staðarhóls og Þverfells allt að áður nefndan engjaskurði Bjarnastaða.

Bjarnastöðum 12. júlí 1918

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps

Eggert Theodórsson St. Eyjólfsson

Vegna Bjarnastaða sem ábúandi samþykkt Ragnheiður Kristjansdóttir

Vegna Kveingrjóts sem ábúandi samþykktur Jón Markússon

Samþykkt sem ábúandi Þverfells Guðrún Pálsdóttir.

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson.

Þingl.gj. kr. 3. – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 51.

Landamerkjaskrá fyrir Lambanes í Saurbæjarhreppi

Milli Lambanes og Saurhóls eru landamerki þessi: Frá Erlendstópt ræður Staðarhólsá alla leið ofan fyrir brú að tóptarbroti á Heyvatnseyri, þaðan beina sjónhending um jarðfastann stein í Oddanum alt að Flæðilæk. Af þessari sjónhendingarlínu er grillumerki í Þuraneslandamerki. Þaðan eftir Þuranesmerkjum að Staðarhólsáfarveg. – Ennfremur á Lambanes beit í Oddanum. Sjá landamerkjaskrá Staðarhóls.

p.t. Þuranesi 12. júlí 1918

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps

Eggert Theodórsson, Ben. Finnsson. St. Eyjólfsson

Samþykkur sem ábúandi Lambanes Valdimar Guðbrandsson

Samþykkur sem ábúandi Þuranes Hannes Guðnason

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson.

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 52.

Landamerkjaskrá fyrir Staðarhól í Saurbæjarhreppi

Milli Staðarhóls og Þuranes eru merkin úr Ölversgjá í fellsbrún í háahjalla um brautardý í skarpasta buginn á Krókakeldu og ræður svo keldan merkjum í Staðarhólsá – Þaðan ræður merkjum Staðarhólsá alla leið að Þverfellsmerkjum. Svo er sjónhending úr Staðarhólsá í skurð þann er rennur ofan flóann, úr þeim skurði ræður kelda sem rennur ofan flóann allt að Hólkoti. Síðan girðing sem er í kringum Miklagarðstein í girðingarhorn á Staðarhólstúni að sunnan. Síðan túngirðing fyrir Staðarhólstúni í læk þann sem fellur í gegn um Staðarhólstún svo ræður merkjum sá lækur upp á miðja hlíð og þaðan beint í miðja fellsbrún upp á fellinu sem vötnum hallar norður á múlahorn og áður nefnda Ölversgjá.

Einnig á Staðarhóll ítök í Staðaholstungum svokölluðum, sem er gömul selstaða og ræður þar merkjum Traðardalsá allt að Smérhjallagili og með því að upptökum gilsins og eftir því sem vötnum hallar ofan steypuna í slakka í há steypuhaus að austan og þaðan sjónhending í 2 vörður sinn hvert vegar við Hvammsdalsá. Síðan ræður Hvammsdalsá alla leið að tungusporði.

Einnig liggur undir Staðarhól partur í Oddanum allt frá Lambanesmerkjum að vestan meðfylgjandi Oddasporður. Úr Oddasporði ræður Hvalsá fram að Stóra-Múla merkjum og Stóra-Múlamerkjum að austan allt að Prestspúfu, úr prestspúfu ráða Þuranes merki suður að Lambanesmerkjum. Í þessum parti eiga ítök þessar jarðir: Kjarlaksvellir, Mikligarður, Þuranes og Lambanes.

Staðarhóli 12. júlí 1918

Í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

Eggert Theodórsson, St. Eyjólfsson Steingr. Samúelsson, Ben. Finnsson

Samþykkur sem ábúandi á Þuranesi Hannes Guðnason

Samþykkur sem ábúandi Staðarhóls Jón Guðnason

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og Þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1.00 -

Þ.Þ.



[1921]

Nr. 53.

Hjermeð tilkynnum við undirskrifaðir að við höfum komið okkur saman um landamerki milli jarðanna Stóru-Tungu og Orrahóls, og eru merki: Barkastaðagil þar til það birjar að breiða sig út og þaðan bein lína úr austari bakkanum á gílinu ofan í Flekkudalsá og á þessari línu eru 3 vörður 1 á Þrælhól úr grjóti, önnur í flóanum ur torfi og þriðja við ána úr torfi austantil við landbrot.

Orraholi 4. september 1921

Matthías Ólafsson

Ólafur Pjetursson

Vitundarvottar:

Guðfinnur Björnsson

Jóel Jóhannesson



[1922]

Nr. 54.

Skrá yfir landamerki prestssetursins Litla-Múla
eftir því sem mjer undirrituðum sóknarpresti hefir verið sagt til þeirra.

Að framan, milli Litla-Múla og Belgsdals, ræður skurður, sem liggur ofan í Hvolsá úr Belgsdalsgili, neðan frá ánni og þangað sem gilið endar; síðan gilið sjálft fram á móts við Belgsdalsbæ. Þaðan sjónhending upp í Fellið að landamerkjum Staðarhóls. Síðan út Fellið í gjá í norðaustur horni Fellsins.

Að utan, milli Litla-Múla og Stóra-Múla ræður merkjum: sjónhending úr áður nefndri gjá ofan í stóran stein á svonefndum Fuglsstapa uppi undir Fellinu, þaðan sama sjónhending ofan í móatóft á neðstu börðunum uppi milli Múlanna og þaðan enn sama sjónhending eftir gömlum merkjagarði, sem enn má glögt sjá, ofan á eyri við Hvolsá, þar sem sjá má fyrir lægð og upp af henni lækjarsitru með djúpum pittum.

Að neðan ræður Hvolsá merkjum milli Litla-Múla og Máskeldu og Hvols; fram að fyrst nefndum skurði.

Staðarhóli 13. maí 1918.

Jón Guðnason sóknarprestur.

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp 23. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. Kr. 1.00

Þ.Þ.



[1922]

Nr. 55.

Landamerki milli Sælingsdalstungu og Gerðis.

Frá Sælingsdalslandi ræður Tungumúli eftir því sem vötnum hallar, í vörðu þá sem stendur á vesturbrún múlans, og nefnist Landamerkjavarða. Og úr þeirri vörðu ræður bein sjónhending, niður hlíðina eftir vörðum til Sundpolls; og enn áframhaldandi sjónhending til árinna.

Gert í Gerði 18. júní 1922.

Samþykkir:

Ólafur Jónsson eigari Sælingsdalstungu.

Sigurlaug Jónsdóttir eigari Gerðis.

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið lesið á manntalsþingi fyrir Hvammshrepps 22. júní 1922.

Þorst. Þorsteinsson



[1922]

Nr. 56

Landamerkjabref fyrir Spákelsstöðum í Laxárdalshreppi.

að austan:

Frá klofningssteinum sem eru við Laxá í Klofasteinssnesi, ræður gaddavirsgirðing sem liggur þaðan norður yfir upp Ljósaskarð um Hundapúfu fremst á Háahálsi og innundir „Mann“ sem er mjór standklettur norðanundir hálsbrúninni. Þaðan ræður svo sjónhending úr „Manni“ í stein sem stendur í jaðrinum á fremsta „Kelduhól“ og er hann krossklappaður.

að norðan:

Úr ofan-nefndum steini ræður sjónhending út í fremri „Lómatjörn.“ Þaðan sjónhending í hæðstuklöpp á „Reiðholti“, og er þar kross klappaður. Þaðan sjónhending í Hundapúfu sem er á örlitlu klettabelti sem stendur upp úr keldunni útí í „Botnum“. Þaðan sjónhending í Hrútsklett, og er þar kross klappaður, þar sem hann er hæðstur.

að vestan:

Sjónhending úr „Hrútskletti“ í Miðmundahól. Þaðan sjónhending í fremri Keppshól, þaðan sjónhending um nokkra stóra steina sem eru austan í Byrgisbökkum áfram til Laxár, og er það á móti, þar sem mætist gras og melur í árbakkanum að sunnan verðu.

að sunnan:

Ræður Laxá til áður nefndra Klofasteina.

Spákelsstöðum 28. júní 1922.

Guðbrandur Jónsson eigandi Spákelsstaða og Vigholtsstaða.

Guðm. Guðbrandsson eigandi að hálfum Hornsstöðum.

Bjarni Hallgrímsson eigandi Leiðólfsstaða.

Skúli Guðbrandsson eigandi að hálfum Hornsstöðum

Jóhann Jóhanns. eigandi að Goddastöðum



[1922]

Nr. 57:

Við eigendur jarðanna Hjarðarholts og Vígholtsstaða beggja í Laxárdal í Dalasýslu, komum okkur saman um, að landamerkjum milli jarðanna skuli framvegis ráða girðing sú sem sett var á milli téðra jarða 1926.

Hjarðarholti 22. jan 1927

Theodor Johnson Hjarðarholti

Aðalsteinn Guðmundsson Vígholtsstöðum

Vitundarvottar:

Arndís Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi að Hjarðarholti



[1932]

Nr. 58:

Landaskiptabréf jarðarinnar Kvennhóll í Klofningshreppi í Dalasýslu.

1. Engin og beitolönd skiptast þannig: að Kofugil ræður eins og vötnum hallar frá fjalli til fjöru. Frá Kofagilsós fram fyrir nesið að jöfnum hlutföllum fram veginn eins langt og kringumliggjandi lönd eiga.
2. Túnskipti:
Túnið skiptist þannig: úr Grílukletti, sem er merktur með krossmarki við túnið upp undan bænum, beina sjónhendingu niður í vörðu með kolum í sem hlaðin er niður í veitunni austan og neðan við bæinn.
3. Matjurtagarðar sem nú enn falla allir undir vestari partinn á sama tíma sem túnskipti falla í gildi.
4. Austur helmingur jarðarinnar verður eign Sveins Hallgrímssonar bónda í Dagverðarnesseli, en vestur helmingurinn eign Kjartans Magnússonar bónda á Hraðastöðum og ekkjunnar Jóhönnu Bjarnadóttur á Hnúki
5. Skipti á engjum og beitolandi ganga í gildi vorið 1932 í fardögum en túnskipti ekki fyr en vorið 1936 í fardögum

Landaskipti þessi eru samþykkt af eigendum og umboðsmanni $\frac{1}{4}$ (einn fjórða).

Gjört að Stakkabergi 20/11 1931

Kjartan Magnússon eigari $\frac{1}{4}$ og umboðsmaður $\frac{1}{4}$

Sveinn Hallgrímsson eigandi $\frac{1}{2}$

Vitundarvottar

Elimundur Þorvarðsson

Ingimundur Elímundsson

Þinglesið á manntalsþingi fyrir Klofningshrepp 28. júní 1932.

Þorst. Þorsteinsson

Gjöld kr. 3 – þrjár

Stimpilgj kr. 1.00

Alls kr. 4.00

P.P.



[1932]

Nr. 59.

Samningur.

Við undirritaðir gjörum svofeldan samning um landamerki milli Skinnþúfu og Litla Vatnshorns. Þau séu þannig framvegis frá Haukadalsá við Kirkju, svo eins og girðing ræður í Kletthól neðst við Merkjalá, þaðan bein sjónhending í Skugga eftir vörðum. Hjálmtýr Jóhannson, bóndi á Saurstöðum ber allan kostnað á fullnaðar girðingu frá Haukadalsá í Kletthól, og er þar með lokið þrætu þeirri er staðið hefir um landamerki milli jarðanna Skinnþúfu og Litla Vatnshorns.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar og tilkvaddra votta.

Saurstöðum, 29. júní 1932

Hannes Gunnlaugsson (Eigandi Litla vatnshorns)

Jón Jónsson (Eigandi Skinnþúfu) (handsalað)

Hjálmtýr Jóhannsson (Ábúandi Skinnþúfu)

Vitundarvottar:

Þorsteinn Jónsson

Styrkár Guðjónsson

Þinglesið á næsta manntalsþingi fyrir Haukadalshrepp.

Þorst. Þorsteinsson



[1934]

Nr. 60.

herra sýslumaður

Hjer með tilkynni jeg yður að jeg hefi skipt eignarjörð minni Fremri-Þorsteinsstöðum í Haukadalshreppi að fengnu samþykki úttektarmanna hreppsins í tvo hluta og hefi jeg akveðið skiptin þannig að þjóðvegurinn sje merkjalína á milli jarðahlutanna og óska ég að það sje innfært þannig í Landamerkjabók sýslunnar.

Þorsteinsstöðum 28. maí 1934

Jóhannes Oddsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi Haukadalshrepps í júní 1934
Þorst. Þorsteinsson

Gjald kr. 3 – þrjár

Stimpilgj. kr. 1,00

Samtals kr 4,00

P.P.



[1938]

Nr. 61.

Melar – Ballará

Hluta mínum úr Melalandi „Melpart“, sem við undirritaðir eigum sameiginlega samkvæmt afsalsbréfi dags. 2. júní 1937 höfum við eigendurnir, jeg Magnús Jónsson bóndi á Ballará og jeg Olgeir Sigurvinsson bóndi og eigandi Mela, skipt þannig milli okkar:

Landamerki sjeu úr Brúnagötu a: syðstu brún Grænuhlíðarbjargsins beina sjónhending í horn það er horntanginn gengur fram út til sjáfar eins og tanginn ræður, þaðan sjónhending í hæsta sker það er liggur í útsuður frá Miðaptanskers tanga.

Þessi sjereign mín Magnúsar Jónssonar sje óviðkomandi Ballaráreigninni.

Ballará 11. maí 1938

Olgeir Sigurvinsson

Magnús Jónsson

Tilkvaddir vottar

Guðm Jónson

Ingveldur Elímundardóttir

Óskar Jónsson

Innfært í landamerkjabók Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi Klofningshrepps 28. júní 1938
Þorst. Þorsteinsson

Gjald kr. 4,20 –fjórar 20/100

Stimpilgj. 1,40

Alls kr. 5,60

Þ.Þ.



[1940]

Nr. 62:

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ós í Saurbæjarhreppi.

Milli Óss og Tjaldanes ræður Staðarhólsá merkjum frá Oddasporði að tóft austan árinna neðan Oddavegar. Milli Óss og Lambaness ræður merkjum sjónhending úr áður nefndri tóft í vörðu í miðjum odda, neðan vert við Oddaveg. Úr þeirri vörðu ræður merkjum sjónhending niður oddann í vörðu við Hvolsá, er sú sjónhending rétt austan við orrustuhólma í skarð í mitt Borgarland, frá vörðunni ræður Hvolsá merkjum niður í ósa, þar til árnar koma saman.

Gjört að Ósi, 10. júní 1940

Fyrir hönd Saurbæjarhrepps

Guðm. Theodórs Þórólfur Guðjónsson

Eggert Magnússon Tjaldanesi

Magnús Árnason Tjaldanesi

Samþykkur sem ábúandi Þurraness Ólafur Skagfjörð

Samþykkur sem ábúandi Lambanasi Ellert Jóhannesson

Innfært í landamerkjaskrá Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi Saurbæjarhrepps 15. júlí 1953

Þorst. Þorsteinsson

Gjald kr. 7.20 – sjö 20/100 –

Stimpilgj. kr. 2.20 –

Alls – 9.40 Greitt

P.P.



[1953]

Nr. 63:

Landamerki milli jarðanna Hörðubóls og Harrastaða.

Athugasemd: Þess skal getið, að Miðá hefur breytt farveg sínum þann veg, að í stað þess að hún áður rann ofan með svokölluðum Björnsbökkum, sem liggja norðan vert á Hörðubólsmegin, þá rennur hún nú ofan með svo kölluðum Birgisbrekkum, og í gegnum Birgiseyrarnar fram í sjó, af þessu leiðir, að Harrastaðir eiga landspildu Hörðubólsmegin við ána eins og hún rennur nú, frá áður nefndum Birgisbrekkum og fram í sjó, landsspilda þessi er sumpart graslendi og sumpart grjóteyrar.

Þess skal getið að ég, Hildipór Hjálmtýsson eigandi Harrastaða, banna ekki ábúanda Hörðubóls neina umferð yfir þessa landspildu, hvorki til veiðiskapar né annars, og er fyrir mitt leyti heimilt að veiða fyrir þessu landi.

Hörðubóli í júlí 1917.

Hildipór Hjálmtýsson eigandi Harrastaða

Sigurrós Hjálmtýsdóttir eigandi Hörðubóls

Guðmundur Kristjánsson eigandi Hörðubóls

Vottar:

Ólafur Jóhannesson

Jóhannes Samúelsson

Innfært í landamerkjaskrá Dalasýslu og þinglesið í manntalsþingi Miðdalahrepps 1953.

Þorst. Þorsteinsson

Þingl.gj. 7,20 – sjö 20/100

Stimpilgj. 2.40 –

Alls 9.60, –



[1953]

Nr. 64:

Stóri Skógur – Skógskot.

Við undirritaðir eigendur Stóra-Skógs og Skógskots í Miðdalahreppi í Dalasýslu, gjörum eftirfarandi samkomulag um hagagirðingu og landskipti:

Girða skal frá Harrastaða merkjum, upp með Harrastaðavegi að sunnan upp í dýja mýri. Þaðan neðan þjóðvegur fram á merki milli Stóraskógs og Skógskots. Girðingu þessa skal eigandi Stóraskógs kosta og viðhalda einn, enda skal hluti Skógskots af óskiptu landi, sem innan þessarar girðingar verður, þar með falla undir Stóraskóg til fullrar eignar.

Frá þjóðvegi niður að Miðskógsmerkjum skal girt á landamerkjum jarðanna, og skal eigandi Skógskots kosta og viðhalda þeirri girðingu að hálfu leyti (efri hluta).

Síðan skal girða niður með Miðskógsbakka að vestan, niður Skógshólma til Miðár, eftir þeim merkjum, sem eigendur eru búnir að koma sér saman um. Þennan hluta girðingarinnar skal eigandi Stóraskógs kosta og viðhalda einn. Fellur þá það land af Skógshólma, sem austan girðingarinnar er, undir Skógskot til fullrar eignar, en það, sem vestan girðingarinnar er, ásamt Leiðarhólma, fellur undir Stóraskóg til fullrar eignar.

Til þess, að ábúandi Skógskots kæmist í sitt land, á Skógshólma, skal honum heimil umferð um Stóraskógs land, enda valdi hann ekki óþarfa skemmdum á landi eða girðingu, og skal þá ábúanda Stóraskógs skylt að setja hlið á girðinguna strax og þess er krafizt, og skal það vera það breitt, að um það sé hægt að komast með öll hugsanleg farar- og vinnutæki, og er þá Skógskotsbónda skylt um leið að girða sitt land á Skógshólma fjárheldri girðingu.

Landamerkja girðingu milli jarðanna skulu ábúendur jarðanna viðhalda fullkomlega fjárheldri.

Veiðiréttindi í Miðá fyrir löndum jarðanna skulu óbreytt það er að segja 2/3 hlutar tilheyra Stóraskógi en 1/3 Skógskoti.

Skógskoti, 10. júní 1953.

Benedikt Þórarinsson bóndi, Stóraskógi

Kristmundur Guðbrandsson bóndi, Skógskoti.

Vitundarvottar:

Jón Sumarliðason

Þorbjörn Ólafsson

Innfært í landamerkjaskrá Dalasýslu og þinglesið á manntalsþingi fyrir Miðdalahrepp 13. júlí 1953.

Þorst. Þorsteinsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



[1953]

Nr 65

Landamerkjalysing fyrir nýbýli Benedikts Gíslasonar
er reist verður úr (sig) jörðinni Sælingsdalstungu Hvammshrepp

Land nýbýlisins takmarkast af Leysingjastaðaá að austan, frá Tungusporði æð framm að fjárgirðingu gegnt Leysingjastaðaleiti. Upp með henni að neðra hliði (verði hliðið fært standi eptir merkjastaur). Úr hliðinu sjónhending í Stekkjarhæðarkoll. Þaðan sjónhending í Þjófaborg miðja og úr henni í Tungusporð.

Afrjettarland er óskipt.

Gert að Sælingsdalstungu 19-9-1953

Benedikt Gíslason

Sigríður Sigurðardóttir

Vottar:

Helga Jónsdóttir

Garðar Jonsson

Innfært í landamerkjaskrá Dalasýslu 3. okt. 1953 til þinglestur á næsta manntalsþingi
Hvammshrepps

Þorst. Þorsteinsson

Þingl gj. 7,20 – sjö 20/100

st gj. 2,40

samtals 9,60



[1953]

Nr. 66.

Landamerkjalysing milli jarðanna Leiðólfsstaða og Prándargils í Laxárdal.

Landamerki milli téðra jarða skulu vera þau hin sömu og greinir í landamerkjabréfi fyrir Prándargil (Hjarðarholtsbréfið) frá 26. maí 1886, bls. 23, nr. 17, hér að framan, p.l. bein lína, sjónhending, frá Laxá upp í neðsta fossinn í Prándargili, þar sem ber á milli stór steinn, merktur með krossi uppi á holtinu vestanvert við mylluhúsið. – Sjá að öðru leyti framangreint landamerkjabréf.

Til staðfestu undirrita eigendur téðra jarða nöfn sín í votta viðurvist.

Gjört að Búðardal, 26. ágúst 1961.

Lárus Karl Lárusson – eigandi Prándargils

Hermann Björnsson – eigandi Leiðólfsstaða

Vottar:

Benedikt Jóhannsson

Egill Sigurgeir



[1969]

Nr 67.

Landamerkjabréf milli Saura og Áss

Frá sjó úr kletti við Álfartanga við ós Laxár, þaðan í sjónhendingu í Þúfu á Kúfholti, þaðan upp flóa og ræður þar affallsskurður til enda skurðsins svo sjónhending frá skurðsenda neðantil í svokallaðan Gvendarbrunn, sem er neðantil í Sauratúni, bein lína þaðan í tvo jarðfasta steina (grágrítis stóra steina) frá steinum í Kletthól, og þaðan í suðvestur stefnu bein lína neðan við Fjánhúsaklett, nánar til tekið klett neðan og vestan við fjárhúsin, í stefnu í skurðsenda. Túngirðing ræður í stefnu á hlíðina að Þjóðvegi, þar eftir ræður Þjóðvegur að merkjum Kambsness. Enn fremur ¼ af veiðirétti í Laxá fyrir óskiptu landi Saura, sömuleiðis ¼ hlunninda úr sjó og fjöru fyrir óskiptu landi Saura tilh. Ás

Landamerki á milli Áss og Kambsness eru greind í afsali, dags 25. apríl 1955 og landamerkjabréfi fyrir Saura frá 15. júlí 1917.

Saurum 11. október 1968.

Hermann Jóhannesson, eigandi Áss

Benedikt Jóhannesson, eigandi Saura

Fh. Margrétar Jóhannesdóttur eiganda Saura

Benedikt Jóhannesson

Guðmundur Jóhannesson eigandi Saura

Vitundarvottar:

Magnús Rögnvaldsson

Elís G. Þorsteinsson.

Mótttekið 14. okt. 1968 til innf. í veðmálabækur Dalasýslu og þinglýsingar á manntalsþingi Laxárdalshrepp 1969.

Haraldur Árnason fbi.

Þinglýsingar gj. 200,- kr.

Greitt H.Á.



[1969]

Ár 1998, fimmtudaginn 13. ágúst, var haldin fundur á sýsluskrifstofunni í Búðardal, og hófst hann kl. 9⁰⁰. Fundinn sóttu ^{auk undirritaðs sýslumanns} þeir Bjarni Hermannsson bóndi eigandi helmings Leiðólfsstaða og Svavar Jensson bóndi á Hrappsstöðu í Laxárdal, formaður stjórnar Veiðifélags Laxdæla, sem er eigandi Þrándargils í Laxárdal, en sú jörð og Leiðólfsstaðir eiga landamerki saman.

Bjarni Hermannsson leggur fram nokkur skjöl svo sem yfirmat vegna arðskrár dags. 30. des. 1997. Ljósrit af örnefnaskrár um Leiðólfsstaði eftir Jóhann Bjarnason frá Leiðólfsstöðum, ljósrit landamerkjabréfa o.fl.

Var farið yfir skjölin, til að kanna, hvort raunverulegur ágreiningur um landamerki sé um að ræða, en fyrir liggur að Bjarni Hermannsson, telur að hlutdeild Leiðólfsstaða í veiði í Kristnipolli er og lágt metin í yfirmati.

Eftir athugun skipta og umræður um þau og hugsanlegt málefni, var samkomulag um að fresta málinu um ótiltekin tíma, til frekari athugunar gagna, og frekri öflunar gagna.

Þannig fram farið

Ólafur Stefán Sigurðsson



I. Hörðudalshreppur. Bls. Nr.

1. Dunkur	32	24
2. Dunkur	36	25
3. Afréttarland Hörðdælinga	29	22

II. Miðdalahreppur.

1. Miðskógur	58	33
2. Kvennabrekka – Háafell	49	29
3. Kringla	42	26
4. Svínhóll – Oddsstaðir	44	27.

III. Haukadalshreppur

1. Stóra-Vatnshorn – Saurstaðir	45	28
2. Skarð	10	8.

IV. Laxárdalshreppur.

1. Vígholtsstaðir	30	23
2. Spákelsstaðir	100	56
3. Sólheimar	28	21

Laxárdalshreppur

	Nr.	Bls.
4. Dönustaðir	22	16
5. Gröf	25	18
6. Saurar	60	34
7. Rútsstaðir	57	32
8. Hrappsstaðir	55	31
9. Hjarðarholt	23	17

V. Hvammshreppur.

1. Hóll	62	35
2. Rauðbarðarholt	52	30
3. Hvammur	7	6
4. Skerðingstaðir	9	7
5. Hólar	65	36
6. Sælingsdalstunga – Gerði	99	55.

VI. Fellsstrandarhreppur.

1. Stóra-Tunga – Orrahóll	96	53
---------------------------	----	----



2. Hallsstaðir 12 9

	Bls.	Nr.
3. Túngarður	13	10
4. Hafursstaðir	68	37
5. Staðarfell	14	11
6. Ytrafell	25	19

VII. Skarðsstrandarhr.

1. Núpur	20	15
2. Tindar	1	1
3. Hvalgrafir	3	3
4. Skarð, (ásamt hjál. Manh., Geirmst. og Barmi)	19	14
5. Á	72	40
6. Rauðseyjar	71	39
7. Rúfeyjar	70	38
8. Ballará	2	2
9. Melar	18	13

VIII. Saurbæjarhreppur

1. Kleifar	81	44
2. Ólafsdalur	82	45

Bls. Nr.

3. Efri-Brunná	84	46
4. Hvoll	27	20
5. Bessatunga	16	12
6. Litli-Múli	97	54
7. Stóri-Múli	85	47
8. Þurranes	87	48
9. Lambanes	92	51
10. Staðarhóll	93	52
11. -" - með tilheyrandi jörðum	5	5
12. Mikligaður	89	49
13. Hvammsdalur	4	4
14. Kjarlaksvellir	78	43
15. Þverdalur	76	42



16. Bjarnastaðir	90	50
17. Kveingrjót	73	41.

		bls	Nr
1 Hjarðarholt – Vígholtsstaðir	101	57	
- Laxárdalshreppur.			
2 Kvennhóll - Klofningshreppur	103	58	
3 Skinnþúfa – Litla-Vatnshorn	104	59	
- Haukadalshreppur			
4 Fremri Þorsteinstaðir	105	60	
- Haukadalshreppur			
5 Melar – Ballará		106	61
- Haukadalshreppur			
6 Ós - Saurbæjarhreppur	107	62	
7 Hörðubóll – Harrastaðir	109	63	
- Miðdalahreppur			
8 Stóri-Skógur – Skógskot	110	64	
- Miðdalahreppur			
9 Sælingsdalstunga	112	65	
- Hvammsveit			
10 Leiðólfsstaðir – Þrándargil	114	66	
- Laxárdalshreppur			
		bls	Nr
11 Saurar – Ás	115	67	
- Laxárdalshreppur			
12 Leiðólfsstaðir	117	68.	
- Laxárdalshreppur			

Ltr. B (með krossi fyrir fram)

Miðskógar

Skógskots

Skógsmúli

X Skarð

Saurar

X Dönustaðir

Þrándarkot

X Hjarðarholt með hjál.

x a. Vígholt



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

- x.b. Fjós
- x.c. Hrappst.
- x.d. Spágilsst.

Rútsstaðir

Hólar

X Skerðingsst.

X Hvammur

Hóll

X Hallsstaðir

X Túngarður

Hafursstaðir

X Staðarfell